FRÉTTABLAÐIÐ
242. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 17. OKTÓBER 2019

## Bandaríkin vilja Ísland á gráan lista

**FJÁRMÁL** Margt bendir til þess að í lok vikunnar muni Ísland lenda á gráum lista þjóða sem ekki hafi gripið til fullnægjandi aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Listinn er á vegum alþjóðlega framkvæmdahópsins FAFT en í þessari viku hefur staðið yfir mikilvægur fundur samtakanna í París. Fulltrúar 205 þjóða auk fulltrúa mikilvægra alþjóðasamtaka sækja fundinn og mun draga til tíðinda um stöðu Íslands á föstudaginn.

Þá verður meðal annars rætt um stöðu þjóða sem skapa áhættu í fjármálakerfi heimsins, landa á borð við Íran, Pakistan og Ísland. Ef Ísland lendir á gráa listanum yrði það á sama stalli og lönd eins og Afganistan, Jemen, Írak og Úganda. Enn neðar, á svörtum lista, er til dæmis Norður-Kórea.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Ísland njóti fulls stuðnings Evrópusambandsins á fundinum og flestra ríkja þess. Sambandið vilji ekki að EES-land lendi á listanum. Það skapi víðtæk vandamál og verði engum til gagns.

Bandaríkin og Bretland eru hins vegar í hópi þjóða sem vilja að Ísland verði sett á listann. Þessi lönd telji að mikilvægt sé að skapa fordæmi um að



tekið sé hart á þessari alvarlegu vá sem peningaþvætti er. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda hafi gengið hægt fyrir sig og því gefist kjörið tækifæri til þess skapa sterkt fordæmi, eins konar víti til varnaðar, með því að setja Ísland á listann. Landið sé lítið og kostnaðurinn því, í stóru alþjóðlegu samhengi, lítill.

Heimildarmenn Fréttablaðsins segja að staðan sem komin er upp sé áfellisdómur yfir íslenskri stjórnsýslu. Ítrekað hafi verið varað við í hvað stefndi en viðbrögðin hafi verið allt of hæg til þessa.

Of snemmt er að fullyrða hver skaðinn verður ef Ísland endar á listanum. Ljóst er að um orðsporshnekki verður að ræða en síðan má reikna með því að erfiðara verði fyrir ný íslensk fyrirtæki, sem og einstaklinga, að stofna til viðskipta erlendis. – bþ



# Höfum gjörbylt heilsu barna

Bólusetningar hafa bjargað fleiri mannslífum en nokkur önnur aðgerð á heimsvísu. Margar nýjungar hafa litið dagsins ljós á síðustu árum og eru fleiri í vændum, meðal annars bóluefni við RS-veirunni. Bólusetning gegn bakteríum sem valda eyrnabólgu hefur bætt lífsgæði yngstu barnanna talsvert. 12

Oft líða 20 til 25 ár frá hugmynd að því að bóluefni er tekið í notkun.

Golf GTE
Jafnvígur á rafmagni & bensíni
Veldu þinn uppáhalds á www.hekla.is/volkswagensalur

Verð frá 4.390.000 kr
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

## Veður



A 8-15 m/s, en 15-23 SA-til. Yfirleitt skýjað og úrkomulítið. Hiti 5 til 12 stig. NA 8-15 á morgun og víða bjart veður, skúrir eða slydduél á norðaustanverðu landinu. Hiti 1 til 8 stig, hlýjast syðst. SJÁ SÍÐU 26



Steinveggurinn hefur valdið deilu.

# Veggur Gentle Giant rifinn

**NORÐURÞING** Veggurinn umdeildi sem hvalaskoðunarfélagið Gentle Giants á Húsavík lét byggja hefur verið rifinn að hluta. Enn er reynt að ná samkomulagi um norður- og austurhlið veggsins.

„Sveitarfélagið fékk verktaka til að rífa niður vegginn. Það var búið að krefja lóðarhafa um að fjarlægja vegginn fyrir tveimur mánuðum en því var ekki sinnt. Við munum krefja þá um okkar tilkostnað við verkið,“ segir Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings. Jafnframt að engin sýnileg andmæli frá Gentle Giants eða öðrum hafi verið á vettvangi þegar niðurrifið hófst.

Spurður um kostnað niðurrifsins segir Gaukur hann ekki liggja fyrir.

Veggurinn var reistur utan lóðamarka Gentle Giants. Gaukur segir að ákveðið hafi verið að rífa vestur- og suðurhliðina vegna þess að þær voru inni á lóð nágranna og á umferðargötu hafnarsvæðisins. Hinir hlutarnir standi í bæjarlandi.

„Við munum leitast eftir samkomulagi um að norður- og austurhlutinn fái að standa áfram,“ segir Gaukur sem kveður norðurhlutann hafa verið færðan í vor eftir viðræður.

Málið hefur staðið yfir frá því í fyrravor þegar veggurinn var reistur. Farið var fram á verkstöðvun og niðurrif veggsins en því ekki sinnt.

Stefán Guðmundsson, stjórnarformaður Gentle Giants, vildi ekki tjá sig um málið. **– khg**

## Frönsk markasúpa



Stjörnum prýtt lið Paris Saint German reyndist Breiðablikskonum ofjarl á Kópavogsvelli í gær þar sem franska liðið sigraði 4 - 0. Leikurinn var fyrri viðureignin í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Síðari leikurinn verður í París í lok október. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Ný tækni gefur eldri formum líf

**TÆKNI** Á síðu 39 í Fréttablaði dagsins geta lesendur skoðað fyrstu íslensku auglýsinguna sem byggir á samspili prents og viðbótarveruleika (e. augmented reality). Með því að nota farsíma og skanna inn QR-kóða sem fylgir auglýsingunni lifnar hún við í þrívídd í snjallsíma. Fram sprettur persónan Smári Laufdal, sem Þorsteinn Bachmann leikur, og útskýrir hlutverk auglýsandans, Happdrættis Háskóla Íslands, í máli og myndum.

Það er auglýsingastofan H:N Markaðssamskipti sem hafði veg og vanda af auglýsingunni í samstarfi við tæknibrellufyrirtækið RVX. „Einhverjir eru á því að prentmiðillinn og prentauglýsingar séu deyjandi fyrirbrigði en ég held að það sé óhætt að segja að þessi nýja tækni gefi eldri formum nýtt líf – í orðsins fyllstu merkingu,“ segir Kristján Hjálmarsson, hjá H:N Markaðssamskiptum. **– bþ**






# Norðurslóðir voru C.S. Lewis afar hjartfólgnar

**Douglas Gresham, stjúpsonur C.S. Lewis, heldur fyrirlestra á ráðstefnu hérlendis um rithöfundinn áhrifamikla. Að sögn Douglas var faðir hans settlegur karl sem elskaði lífið og angaði af tóbaki. Saman tókust þeir á við sorgina.**

**MENNING** Douglas Gresham er fæddur í Bandaríkjunum, alinn upp í Bretlandi en býr nú á Möltu. Hann varð stjúpsonur rithöfundarins C.S. Lewis átta ára gamall en móðir hans, Joy, lést aðeins fjórum árum síðar. Lewis ól hann upp og hefur Douglas síðan haldið minningu hans og verkum á lofti, meðal annars með framleiðslu Hollywoodmynda um Narníu. Douglas, sem er 73 ára, kemur til Íslands í dag og flytur ávarp á ráðstefnu um Lewis, verk hans og tengsl við Ísland.

„Ég mun ræða um stjúpföður minn og tengsl hans við Íslendingasögurnar, kvæðin og norðurslóðir sem hann elskaði af öllu hjarta,“ segir Douglas. „Ef hann hefði verið nógu efnaður og haft nægan tíma hefði hann ferðast meira um þessar slóðir.“

Douglas á góðar minningar um C.S. Lewis, eða Jack eins og hann var kallaður á heimilinu. „Ég þekkti Narníubækurnar áður en ég hitti hann fyrst og bjóst við að sjá brynjuklæddan mann með sverð. En svo reyndist hann vera settlegur háskólakennari sem angaði af tóbaki,“ segir hann og hlær. „Hann var einstaklega ljúfur, með góða kímnigáfu og hafði gaman af lífinu. Hann gekk mér í föðurstað og kenndi mér meira en nokkur annar hefur gert.“

Hjónaband Joy og Jacks var ástríkt þótt það hafi verið stutt og um það var gerð kvikmyndin Shadowlands. Samband Jacks og Douglas breyttist ekki þegar Joy lést úr krabbameini árið 1960. Jack skrifaði bókina A Grief Observed um þá reynslu, sem Douglas segir bestu bók um sorgarferli sem til sé. „Allt minnti okkur á mömmu og hann grét reglulega, mun meira en ég gerði,“ segir Douglas.



Douglas við afhjúpun styttu af ljóninu Aslan í Belfast. NORDICPHOTOS/GETTY

> Allt minnti okkur á mömmu og hann grét reglulega, mun meira en ég gerði.
>
> Douglas Gresham

Að sögn Douglas hafa verkin aldrei verið vinsælli en einmitt nú og Narníubækurnar hafa verið þýddar á um 50 tungumál en Douglas sér um bú fjölskyldunnar og samskipti við útgefendur. C.S. Lewis er þekktastur fyrir ævintýrabækur en hann skrifaði einnig vísindaskáldskap, fræðirit, trúarleg rit og margt fleira. „Verk Jacks munu aldrei deyja, þau berast frá einni kynslóð til annarrar,“ segir Douglas.

C.S. Lewis var mjög trúaður og skín það í gegnum öll hans verk, þar á meðal Narníubækurnar. „Í Narníu er ljónið Aslan, sem er táknmynd Jesú Krists. Ungt fólk skilur þetta mun betur en fullorðnir. Aslan býður sig fram til að deyja fyrir svikarann Edmund, eða Júdas, og rís svo upp frá dauðum.“

Douglas Gresham mun halda fyrirlestra og svara spurningum í dag og á morgun á Háskólatorgi, í Neskirkju, í Landsbókasafni og í Háskólabíói á ráðstefnu um C.S. Lewis í Reykjavík.

kristinnhaukur@frettabladid.is



# Ofurefli

Breiðablikskonur börðust hetjulega í gærkvöld gegn geysisterku liði PSG á Kópavogsvelli. Staðan var 3-0 fyrir gestina í hálfleik en í síðari hálfleik fékk íslenska liðið eitt mark á sig og endaði leikurinn 4-0. Liðin eigast við að nýju í París eftir tvær vikur.










kronotex
FLOORS FOR LIVING
HÖRKU PLANKA
HARÐPARKET
Í BESTA GÆÐAFLOKKI AC5
10 OG 12mm, MAMMUT OG MAMMUT PLUS
LANGIR OG BREIÐIR PLANKAR, MARGIR LITIR
UMHVERFISVOTTAÐ OG GÓÐ RAKAVÖRN
DER BLAUE ENGEL
FEUCHTESCHUTZ
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is


Hafa hrundið af stað söfnun fyrir fjölskyldu drengsins sem lést á Snæfellsnesi

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Hafa hrundið af stað söfnun fyrir fjölskyldu drengsins sem lést á Snæfellsnesi** Settur hefur verið upp styrktarsjóður til handa fjölskyldu hins sautján ára gamla Zachary Zabatta sem lést í bílslysi á Snæfellsnesi á laugardaginn var.

**2 Árni Gils aftur dæmdur í fjögurra ára fangelsi** Þetta er í annað sinn sem Árni Gils Hjaltason er sakfelldur fyrir tilraun til manndráps.

**3 Dagur útskýrði fyrir Vigdísi hvernig umferðarljós virka** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri útskýrði fyrir Vigdísi Hauksdóttur, borgarfulltrúa Miðflokksins, hvernig umferðarljós virka á borgarstjórnarfundi.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**


**Túristar fara um Vaðlaheiðargöng.**

## Fleiri Asíubúar fara um göngin

**FERÐAÞJÓNUSTA** Asíubúum, sérstaklega Kínverjum og Taívönum, hefur fjölgað í haust þegar skoðað er það hlutfall sem keyrir í gegnum Vaðlaheiðargöng. Þetta kemur fram í tilkynningu Vaðlaheiðarganga hf. Kínverjar eru í þriðja sæti og Taívanar í fimmta síðustu sjö daga.

Göngin voru opnuð í ársbyrjun og síðan þá hafa Bandaríkjamenn verið fjölmennasti hópurinn, rétt eins og á Keflavíkurflugvelli. Í öðru sæti koma Þjóðverjar og í þriðja Frakkar. Eins og gefur að skilja var hlutfall erlendra ferðamanna hærra yfir sumarmánuðina en það virðist sem svo að Asíubúar heimsæki landið frekar til að sjá norðurljós. **– khg**

# Þingmaður spyr ráðherra um umdeilda þvagleggi

**STJÓRNMÁL** Ásmundur Friðriksson, alþingismaður Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi, lagði í fyrradag fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um þvagleggi frá Sjúkratryggingum Íslands.

Fréttablaðið sagði nýlega frá máli Sigurðar Halldórs Jessonar, kennara á Selfossi, sem kveður lífsgæði sín hafa skerst umtalsvert eftir útboð Sjúkratrygginga Íslands á þvagleggjum í fyrra. Sagði Sigurður ekki lengur í boði þvagleggi sem hentuðu honum best og hann hefði notað um langt árabil. Sjúkratryggingar sögðu þá þvagleggi ekki hafa verið í boði í útboðinu.

„Hvers vegna tóku Sjúkratryggingar Íslands þvagleggi af nýjustu gerð af lista yfir þá sem eru niðurgreiddir fyrir notendur," spyr Ásmundur Friðriksson, sem vill líka fá að vita hversu margir hafi óskað eftir undanþágu fyrir þessum leggjum á árinu og hversu margar beiðnir hafi verið samþykktar.

„Voru notendur hafðir með í ráðum þegar ákveðið var hvaða úrval af þvagleggjum þyrfti að vera í boði?" spyr Ásmundur. „Hversu mikið hefur sparast með því að bjóða ekki lengur upp á þvagleggi af nýjustu gerð?" **– gar**

> **Hversu mikið hefur sparast með því að bjóða ekki lengur upp á þvagleggi af nýjustu gerð?**
>
> Ásmundur Friðriksson, alþingismaður



# Sturla keypti blokk á Ásbrú

**Fjármagnaði kaupin með 50 ára láni frá Íbúðalánasjóði fyrir óhagnaðardrifin leigufélög. Nýtti sér sína eigin uppskrift frá Heimavöllum.**


**Sturla Sighvatsson var einn stofnenda leigufélagsins Heimavalla og var framkvæmdastjóri þess.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**VIÐSKIPTI** Fjárfestirinn Sturla Sighvatsson keypti 16 íbúða blokk á Ásbrú á síðasta ári. Til þess að fjármagna kaupin fékk Sturla samtals um 190 milljóna króna hagstæð lán frá Íbúðalánasjóði sem aðeins eru ætluð óhagnaðardrifnum leigufélögum.

Sturla hefur verið umsvifamikill í margs konar fjárfestingum undanfarin ár. Til marks um það er hann skráður fyrir á þriðja tug einkahlutafélaga.

Fréttir af rekstrarerfiðleikum viðskiptaveldis Sturlu hafa verið háværar undanfarna mánuði. Þannig greindi Fréttablaðið frá miklum vandræðum með byggingu blokkar við Gerplustræti 2-4 í síðustu viku en Sturla stýrði verkefninu og átti lítinn hlut í því. Þá fjallaði Stundin um að fjölmargar fasteignir í eigu félaga hans hafi verið auglýstar á nauðungarsölum undanfarin misseri.

Sturla var á meðal stofnenda leigufélagsins Heimavalla og var fyrsti framkvæmdastjóri félagsins. Heimavellir keyptu meirihluta eigna sinna af þróunarfélaginu Kadeco á Ásbrú og af Íbúðalánasjóði og að stórum hluta með fjármögnun frá Íbúðalánasjóði. Það má því segja að Sturla hafi fetað troðnar slóðir með persónulegum viðskiptum sínum á Ásbrú.

Fasteignin sem um ræðir heitir Grænásbraut 604A og 604B. Kaupverð eignanna var 235,7 milljónir króna og til þess að fjármagna kaupin fékk félag Sturlu, Grænásbraut 604 ehf., 80 prósent lán frá Íbúðalánasjóði, samtals um 190 milljónir króna.

Þessi tilteknu lán eru aðeins ætluð óhagnaðardrifnum leigufélögum og þurfa félögin að uppfylla margs konar skilyrði til þess að hljóta lánin. Meðal annars má ekki greiða út arð úr félögunum og launagreiðslur verða að vera hóflegar. Vextir á lánunum eru 4,2 prósent sem er hátt miðað við það sem gerist á markaði. Það sem gerir þó lánin eftirsóknarverð er sú staðreynd að lánshlutfallið er mjög hátt, áðurnefnd 80 prósent af kaupverði.

> **Athygli vekur að Heimavellir, undir stjórn Sturlu, sóttu í sams konar lánsfjármögnun frá Íbúðalánasjóði.**

Ólíklegt verður að teljast að lánanefndir hefðbundinna banka myndu vera spenntar fyrir leigufélagsverkefni með svo lágt eiginfjárhlutfall. Þá er lánstíminn til 50 ára og það þýðir að afborganir eru frekar lágar enda dreifast þær yfir langt tímabil.

Möguleikinn til að hagnast felst í því að selja félagið í heild sinni á hagstæðum tímapunkti eða greiða upp lánin frá Íbúðalánasjóði, til dæmis með endurfjármögnun frá annarri lánastofnun.

Athygli vekur að Heimavellir, undir stjórn Sturlu, sóttu í sams konar lánsfjármögnun frá Íbúðalánasjóði á fyrstu árum leigufélagsins. Þessi fjármögnunarleið hefur valdið leigufélaginu vandræðum eftir að það var skráð á markað og uppfyllti þar með ekki lengur hina óhagnaðardrifnu kröfu Íbúðalánasjóðs.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að útlánin stæðust ekki lengur ákvæði reglugerðar. Afleiðing af því var meðal annars sú að Íbúðalánasjóður hækkaði vexti á lánum um eitt prósent til eins af dótturfélögum Heimavalla á þessu ári. Lánin stóðu þá í um 2,5 milljörðum króna. Sú ákvörðun hefur verið kærð til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Fyrir rúmum mánuði greindi Fréttablaðið frá því að fjárfestirinn Matthías Imsland hefði keypt heila blokk á Akranesi og farið sömu leið og Sturla til þess að fjármagna kaupin. Áður hafði hann keypt tug íbúða í Vestmannaeyjum með sama hætti.

Sturla og Matthías hafa átt í nánu viðskiptasambandi undanfarin ár. Þannig eiga þeir saman félagið HV 10 ehf. sem á umdeildar fasteignir við Óðinsgötu. Þessar fasteignir brunnu til kaldra kola um mitt síðasta ár og hafa ítrekað verið auglýstar á nauðungarsölu undanfarna mánuði. **bjornth@frettabladid.is**





ISBAND

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS OG JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6
270 MOSFELLSBÆR S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep THERE'S ONLY ONE RAM




**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Ætlar að fara opinskátt yfir stöðu VG

**Landsfundur Vinstri grænna fer fram um helgina. Formaðurinn telur frammistöðuna í ríkisstjórn góða. Umhverfisráðherra stígur nú inn á pólitíska sviðið með framboði til varaformanns. Telur kjör styrkja stöðu hans og málefna þess ráðuneytis sem hann stýrir.**

**STJÓRNMÁL** „Ég er bjartsýn á að það verði góð stemning á fundinum. Við getum held ég verið nokkuð ánægð með málefnalegan árangur á þessu kjörtímabili, því það hefur auðvitað náðst gríðarlegur árangur í mörgum þeirra mála sem við töluðum um fyrir kosningar,“ segir Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vinstri grænna.

Fyrsti landsfundur flokksins frá því hann tók við forystu í ríkisstjórn fer fram um helgina. Gríðarleg ólga var í flokknum meðan stjórnarmyndunarviðræður við Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn stóðu yfir. Flokkurinn fékk 16,9 prósenta fylgi í kosningunum og ellefu menn kjörna á þing. Ólgan skilaði sér ekki með neikvæðum hætti í fylgi flokksins eftir stjórnarmyndunina en flokkurinn mældist með 23,5 prósenta fylgi skömmu eftir stjórnarmyndunina.

„Það kom mér raunar ánægjulega á óvart hvað samstarfið naut mikils fylgis í upphafi. Auðvitað var heilmikil ólga, það er alveg rétt, en eigi að síður voru yfir 80 prósent félaga okkar sem studdu þetta í upphafi,“ segir Katrín og metur það svo að fólk sé ekki ósátt við frammistöðu flokksins í ríkisstjórn heilt yfir.

### Komin fram úr loforðunum

Viðfangsefni fundarins um helgina taka mið af því að kjörtímabilið er hálfnað. „Ég mun annars vegar fara yfir þann árangur sem hefur náðst og hins vegar pólitíska ástandið og verkefnin fram undan,“ segir Katrín. Hún segir flokkinn í raun hafa skilað meiru en hann lofaði í aðdraganda kosninga. Flokkurinn hafi talað fyrir aukinni fjárfestingu í heilbrigðiskerfinu, félagslegum innviðum og menntakerfi.

„Við töluðum mjög mikið um loftslagsmálin og ég held það sé óhætt að segja að þau hafi aldrei verið sett jafn rækilega á dagskrá af nokkurri annarri ríkisstjórn en þessari,“ segir Katrín og lætur þess einnig getið að hún muni ræða stöðu hreyfingarinnar með opinskáum hætti á fundinum.

„Það hefur alveg komið á daginn að það er ekki endilega þannig að stjórnmálaflokkar græði, fyrir sig, á því að vera í ríkisstjórn, þótt við séum ánægð með málefnalega árangurinn.“

### Mjög lítið fylgi meðal karla

Fylgi við flokkinn fór fljótt að dala eftir glimrandi könnun fyrst eftir stjórnarmyndun en hefur þó haldist mjög stöðugt allt þetta ár, milli 12 og 13 prósent. Athygli vekur hins vegar að stuðningur karla við flokkinn hefur minnkað og er í 6 prósentum samkvæmt nýjustu könnun. Katrín segir að munur á fylgi karla og kvenna við flokkinn hafi verið staðreynd mörg undanfarin ár.

„Kannski tengist það formanni flokksins, sem vill svo til að er kona. Það hefur örugglega einhver áhrif. En þetta er auðvitað umhugsunarefni fyrir okkur og ég kann í rauninni enga sérstaka skýringu á því aðra en að við erum auðvitað hreyfing sem hefur lagt mjög mikið upp úr kynjajafnrétti, við erum með mjög margar konur í forystu og í okkar þingliði. Svo höfum við auðvitað lagt áherslu á kvenfrelsismál í okkar baráttu, það er ein af grunnstoðum okkar hreyfingar. Ég hefði nú haldið að það ætti ekkert að fæla karlana frá.“

### Ekkert fararsnið á Katrínu

Aðspurð segist Katrín fagna þeim framboðum sem komin eru fram í ýmis forystuembætti hjá flokknum og útlit sé fyrir að töluverð endurnýjun verði í forystu flokksins.



**Síðasti landsfundur VG var haldinn fyrir síðustu kosningar. Nú þarf flokkur forsætisráðherra að meta stöðuna á miðju kjörtímabili.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Katrín sótti sér umhverfisráðherra í umhverfisverndarhreyfinguna, Guðmund Inga Guðbrandsson sem vill verða varaformaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Fylgi Vinstri grænna í könnunum undanfarið ár




**Flokkurinn fékk tæp 17 prósent í síðustu kosningum og rauk upp í tæp 24 prósent eftir stjórnarmyndun. Fylgið er nú stöðugt í tæpum 13 prósentum.**

Ekkert fararsnið er þó á formanninum eftir 12 ár á Alþingi. „Nei, mér finnst ég enn þá hafa mjög mikið fram að færa. Ég er ekkert á útleið. Ég veit að ég er búin að vera ansi lengi á þingi og enn lengur í stjórn flokksins. Meðan maður brennur fyrir þessu þá heldur maður áfram,“ segir Katrín. Þótt flestir sjái að samstarf stjórnarflokkanna er ekki alltaf einfalt segist Katrín njóta starfsins.

„Mér finnst það enn þá vera mjög spennandi viðfangsefni að vera forsætisráðherra og miðla málum milli ólíkra flokka. Það er vissulega krefjandi en spennandi og skemmtilegt viðfangsefni.“

### Stígur inn í pólitíkina

„Mér finnst mjög mikilvægt að umhverfis- og náttúruverndarfólk láti að sér kveða í pólitík og gefi kost á sér til trúnaðarstarfa og ég myndi vilja sjá sem flesta í öllum flokkum gera slíkt,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra um framboð sitt til varaformanns flokksins.

Guðmundur er ekki kjörinn þingmaður og eini ráðherrann í ríkisstjórninni sem er utan þings. Hann segir ákvörðun sína um að stíga inn á pólitíska sviðið alls ekki hafa legið fyrir um leið og hann varð ráðherra. „Ég er að taka þessa ákvörðun núna og það sem vakir fyrir mér er að koma umhverfis- og náttúruverndarmálum meira áfram í pólitíkinni.“

Verk umhverfisráðherrans hafa ekki verið óumdeild innan samstarfsflokkanna og gekk Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, svo langt að hóta því að hætta að styðja ríkisstjórnina ef ráðherrann breytti ekki afstöðu sinni til friðlýsinga.

„Nái ég kjöri tel ég það munu styrkja stöðu mína almennt og líka umhverfis- og náttúruverndarmála,“ segir Guðmundur Ingi, inntur eftir því hvort hann telji kjör sitt til varaformanns styrkja stöðu hans í ríkisstjórninni. „Það eru ákveðin skilaboð að ef flokkssystkini mín treysta mér fyrir þessu embætti þá vilja þau að málunum sem ég stend fyrir sé haldið enn frekar á lofti en gert hefur verið og það á við um ríkisstjórnarborðið rétt eins og á Alþingi og um samfélagið allt.“

### Dagskrárvald unga fólksins

Guðmundur á von á því að loftslagsmálin verði fyrirferðarmikil á fundinum um helgina en sérstakt málþing verður um málaflokkinn á fundinum.

„Ég er mjög ánægður með hvað hefur gerst á undraskömmum tíma, í rauninni bara á einu til einu og hálfu ári, og hvaða meðbyr loftslagsmálin hafa verið að fá,“ segir Guðmundur Ingi og tekur sem dæmi hvernig alþjóðlegar skýrslur um loftslagsvána sem hafa verið að berast á undanförnum áratugum séu loksins að vekja raunverulega athygli. „Við erum orðin móttækilegri og það skiptir miklu máli sem Greta Thunberg hefur komið í gang og líka það sem okkar unga fólk hérna heima er að gera; verkföllin og allt það.“

Aðspurður um fylgi flokksins og umdeilt ríkisstjórnarsamstarf bendir Guðmundur aftur á mikilvægi unga fólksins. „Það sem mér hefur fundist mjög jákvætt að sjá í könnunum er aukið fylgi ungs fólks en þaðan er líka ákallið um auknar aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum að koma.“

aðalheidur@frettabladid.is og
sighvatur@frettabladid.is



## Mörg erfið mál í stjórnarsamstarfinu

Samstarfið í NATO og samskiptin við Bandaríkin munu eflaust koma til umræðu á fundinum. Utanríkismálin og sérstaklega varnarmál eru meðal þeirra mála sem hafa verið flokksmönnum erfið í stjórnarsamstarfinu. Í sumum þeirra hafa Vinstri græn unnið sigra, þrátt fyrir skiptar skoðanir í stjórnarflokkunum. Frumvarp heilbrigðisráðherra um þungunarrof varð að lögum þrátt fyrir að formaður Sjálfstæðisflokksins og fleiri stjórnarþingmenn hafi greitt atkvæði gegn því á Alþingi.



IN SYNC.
ALLTAF.

SJÁLFFRÍSKANDI FARÐI,
FERSK OG FULLKOMIN
ÁFERÐ Í 24 TÍMA

Fyrsti farðinn frá SHISEIDO með ActiveForce™ tækni. Aðlagast húðinni.
Gefur raka og dregur úr glans. Smitast ekki, dofnar ekki og sest ekki í línur.

NÝTT SYNCHRO SKIN SELF-REFRESHING FOUNDATION SPF 30




SHISEIDO
GINZA TOKYO

Shiseido fæst í Hagkaup Skeifu, Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri

20% afsláttur af öllum SHISEIDO
vörum dagana 17. - 23. október

Veglegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir 7.800 kr. eða meira.*
*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Meira svona alla daga



**Eiturlyfjastríðið í Mexíkó fer harðnandi.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Herinn hefndi fyrir lögregluna

**MEXÍKÓ** Alls hafa 29 manns fallið í skotbardögum á milli öryggissveita Mexíkóhers, lögreglunnar og vopnaðra borgara á aðeins tveimur dögum. Sterkur grunur leikur á að um tengda atburði sé að ræða, enda gerðust þeir ekki langt hver frá öðrum. Lítið er vitað um atvikin en talið er öruggt að þau tengist eiturlyfjahringjum.

**29**

**hafa fallið í skotbardögum í Mexíkó á aðeins tveimur dögum.**

Á mánudag féllu 14 lögreglumenn í borginni El Aguaje í suðurhluta Mexíkó og þrír til viðbótar særðust. Lögreglumennirnir voru í nokkrum bifreiðum sem umkringdar voru af vopnuðum mönnum á pallbílum. Árásarmennirnir, sem talið er að séu liðsmenn eiturlyfjahringsins Jalisco Nueva Generacion, létu þá kúlum rigna yfir bílana og kveiktu í þeim.

Degi seinna bárust fréttir af því að öryggissveitir Mexíkóhers hafi látið til skarar skríða gegn vopnuðum borgurum í borginni Iguala, aðeins sunnar. Sveitirnar felldu 14 en einn féll úr liði hersins. Talið er öruggt að aðgerðin hafi verið viðbragð við þeirri fyrri.

Andres Manuel Lopez Obrador, forseti landsins, hefur heitið því að taka harðar á ofbeldisglæpum í landinu og kennir forverum sínum um ástandið. Í mörg ár hefur eiginleg eiturlyfjastyrjöld geisað í landinu. – **khg**

# Á hvítum fáki við hið helga Paektu-fjall



**Eins og sönnum einvaldi sæmir heldur Kim Jong-un, formaður kóreska Verkamannaflokksins og leiðtogi Norður-Kóreu, vel utan um ímynd sína. Nýlega birtust myndir af kappanum skælbrosandi ríðandi á hvítum fáki við snævi þakta tinda hins helga Paektu-fjalls á landamærum Norður-Kóreu og Kína. Jong-un hefur lagt mikið upp úr að líkjast afa sínum, einvaldinum Kim Il-sung.** NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Erdogan fundar í dag með Bandaríkjamönnum

**SÝRLAND** Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, mun funda í Ankara í dag með Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna, Mike Pompeo utanríkisráðherra og Robert O´Brien þjóðaröryggisráðgjafa, þrátt fyrir að forsetinn hafi áður sagst aðeins vilja funda með Donald Trump.

Bandaríkjamenn vilja vopnahlé á svæðinu og hafa hótað að beita Tyrki efnahagsþvingunum en Erdogan segir að Tyrkir óttist þær ekki. Hann segir að ekki komi til greina að hefja viðræður við Kúrda í Sýrlandi.

> **Við höfum lagt fram tilboð um að ef allir hryðjuverkamenn leggja niður vopn, fjarlægja gildrur sínar og yfirgefa svæðið verði innrásin stöðvuð.**
>
> Recep Erdogan, forseti Tyrklands



Ýmir þjóðarleiðtogar hafa reynt að miðla málum, enda telja margir aukna hættu á að hryðjuverkasamtökin Íslamska ríkið rísi upp á ný vegna innrásar Tyrkja í Sýrland og brottflutnings bandarískra hermanna þaðan.

Erdogan sagði í gær að hann hygðist halda innrásinni í Kúrdahéröð Sýrlands áfram þar til takmarkinu væri náð, að búa til öruggt 32 kílómetra svæði við landamærin. „Við höfum lagt fram tilboð um að ef allir hryðjuverkamenn leggja niður vopn, fjarlægja gildrur sínar og yfirgefa svæðið verði innrásin stöðvuð,“ sagði Erdogan á fundi með þingflokki sínum, AKP. Ekki hefur enn fengist upp gefið hvort Tyrklandsher stoppi við mörk öryggissvæðisins eða haldi áfram innrásinni til suðurs, í átt að höfuðstaðnum Raqqa.

Rússar halda áfram að blandast í átökin. Um helgina höfðu þeir milligöngu um samning á milli Sýrlandsstjórnar og Kúrda um svæðin í kringum borgirnar Manbij og Kobani. Nú hafa Rússar sjálfir tekið að sér að vakta landamærin við borgina Manbij til að koma í veg fyrir átök. – **khg**






Frumbyggjar Kyrrahafseyja sýndu listir sínar í gær í tilefni af komu sekkjapípusveitar skoska hersins á ANZ-leikvanginum í Sydney í Ástralíu. NORDICPHOTOS/GETTY



Hollenskir bændur keyrðu dráttarvélar sínar eftir A10 hraðbrautinni við Haag í Hollandi til að mótmæla stefnu stjórnvalda í landbúnaðarmálum. Einkum eru þeir ósáttir við bann við notkun köfnunarefnis í áburði.



Vélhendur stafla glösum á tækni- og neytendasýningunni CEATEC í japönsku borginni Chiba. Að vanda höfðu mikilhæf vélmennin mikið aðdráttarafl.



Landslið Norður- og Suður-Kóreu mættust á Kim Il-sung leikvanginum í Pyongyang, höfuðborg Norður-Kóreu í fyrsta sinn síðan 1990. Leiknum var ekki sjónvarpað, fjölmiðlum var ekki boðið, leikvangurinn var nánast tómur og engin mörk skoruð.



Harður skotbardagi var á milli sýrlenskra málaliða og Kúrda í þorpi í útjaðri borgarinnar Ras al-Ain í Norður-Sýrlandi í gær. Tyrkir hafa þegar náð yfirráðum yfir miðborginni.

# Jólaréttirnir eru komnir!



**1.295,-**

**Hangikjöt**
með kartöflum,
rauðkáli og uppstúf



**1.295,-**

**Hangikjöt á beini**
með kartöflumús,
baunum og uppstúf

**1.295,-**

**Sænsk jólaskinka**
með brúnuðum kartöflum,
maís, rauðkáli og
rauðvínssósu

**Kemur á matseðilinn á morgun**



© Inter IKEA Systems B.V. 2019

**Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:00-20:30 - IKEA.is**

IKEA

# Borgaði sig að halda Sólningu í rekstri

**Skiptastjóri Sólningar segir að það hafi verið rétt að halda rekstrinum gangandi. Útlit fyrir að heimtur verði mun betri en ella. Óhefðbundin leið sem fleiri skiptastjórar geta nýtt sér. Mikilvægt að þekking á rekstrinum sé til staðar til að verkefnið gangi upp.**

Ákvörðun þrotabús Sólningar um að halda rekstrinum gangandi í stað þess að selja eignir á hrakvirði getur orðið til þess að heimtur kröfuhafa verði mun betri en ella. Skiptastjóri búsins segir að þetta sé sjaldgæf leið sem fleiri skiptastjórar eigi að hafa í huga. Hún eigi þó ekki alltaf við og mikilvægt sé að reynsla og þekking á rekstri sé til staðar.

„Það er algjörlega á hreinu í dag að það var betra að fara þessa leið frekar en að auglýsa brunaútsölu eða selja allan lagerinn á hrakvirði til samkeppnisaðila. Eins er orðið ljóst að Sólning og dekkjaverkstæðin, og störfin sem fyrirtækið hefur skapað, verða til staðar næstu árin og það væri ekki staðan í dag ef ákveðið hefði verið að skella í lás þegar félagið fór í þrot,“ segir Erlendur Þór Gunnarsson, einn af fjórum eigendum OPUS lögmanna og skiptastjóri þrotabús Sólningar.

Sólning, stærsti innflytjandi hjólbarða á Íslandi, var tekin til gjaldþrotaskipta í mars. Gjaldþrotið skildi eftir sig risavaxinn dekkjalager sem taldi 55 þúsund dekk og var metinn á hálfan milljarð króna.

„Eftir gjaldþrotið áttum við í viðræðum við stór fyrirtæki á markaði um að þau myndu kaupa allan lagerinn en tilboðin voru einfaldlega ekki ásættanleg,“ segir Erlendur.

Í kjölfarið var ákveðið að skoða þann möguleika að halda fyrirtækinu í rekstri í gegnum þrotabúið. Eftir gerð á rekstraráætlun og fundi með starfsmönnum og stórum viðskiptavinum var niðurstaðan sú að meiri líkur en minni væru á því að þessi leið myndi skila þrotabúinu meiru en hefðbundin gjaldþrotaskipti. Spurður hvort það hafi gengið eftir svarar Erlendur játandi.

„Við höfum náð 60 prósentum af markmiði okkar hvað sölu varðar og eigum ansi mikið inni Ég bind vonir við að heimtur fyrir kröfuhafa verði yfir 50 prósent þegar upp er staðið. Þær hefðu í besta falli verið 20-25 prósent ef við hefðum ákveðið að selja allar eignir strax eftir gjaldþrot en algengt er að heimtur úr gjaldþrota félögum séu á bilinu 0-10 prósent. Þannig að ef þær fara yfir 50 prósent er ég sáttur en það mun auðvitað velta á því hvernig salan gengur í vetur. Ef það fer að frysta og við fáum alvöru vetrartíð þá munu áætlanir um sölu ganga eftir,“ segir Erlendur.

*Er þetta leið sem skiptastjórar eiga að horfa til í meiri mæli?*

„Já, þeir geta gert það en það er alveg ljóst að þessari leið fylgir áhætta sem skiptastjóri verður að vera meðvitaður um og eins þurfa að vera til staðar starfsmenn sem hann ber fullt traust til. Ef ég hefði farið þarna inn og ætlað að standa sjálfur í dekkjasölu hefði það mjög líklega farið illa en við vorum með Jón Hauksson sölustjóra sem er með áratugareynslu af þessum bransa og frábær starfsmaður. Og með góðu fólki getur svona verkefni fyllilega gengið upp,“ segir Erlendur.

„Til að láta svona verkefni virka skiptir máli að það séu ekki eingöngu lögfræðimenntaðir skiptastjórar að stjórna ferðinni. Þá getur kostnaðurinn auðveldlega rokið upp því þar vantar jafnan upp á rekstrarkunnáttuna.“

Langstærsti kröfuhafinn er Landsbankinn en kröfur bankans nema 415 milljónum króna og eru þær með veð í birgðum félagsins. Útlit er fyrir að heildarupphæð krafna í búið muni nema rúmlega 900 milljónum króna.

Erlendur segir að allir samningar sem voru gerðir í kjölfar gjaldþrotsins byggist á því að sölu á eignum búsins ljúki um áramótin. Eftir það taki við hefðbundnir þættir gjaldþrotaskipta, svo sem eftirfylgni riftunarmála og innheimta krafna.

**tfh@frettabladid.is**



**Útlit er fyrir að heildarupphæð krafna í þrotabúið muni nema rúmlega 900 milljónum króna.**

> **Til að láta svona verkefni virka skiptir máli að það séu ekki eingöngu lögfræðimenntaðir skiptastjórar að stjórna ferðinni.**
>
> Erlendur Gunnarsson skiptastjóri



## Reyndu að selja árið 2017

Tekjur Sólningar námu tæpum tveimur milljörðum 2017 og var fyrirtækið með um 35 prósenta markaðshlutdeild. Sama ár var kannaður möguleiki á að selja fyrirtækið. Enginn áhugi var til staðar og því fór söluferlið ekki lengra. Eigandi Sólningar var Gunnar Justinussen sem keypti fyrirtækið árið 2012 af Hömlum ehf., dótturfélagi Landsbankans, fyrir 440 milljónir króna. Framkvæmdastjóri Sólningar sagði í kjölfar gjaldþrotsins að lítil sala hafði verið á dekkjum á síðasta ári. Þetta væri fjárfrekur rekstur og of stór innkaup á vetrardekkjum, miðað við milda veturinn sem þá var fram undan, hefðu sligað fyrirtækið.


# VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir 15. nóvember 2019.

**Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja:**

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

**Öllum tilboðum verður svarað.**



VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

VR


# Metnaðarfullt markmið um aukinn hagnað Iceland Seafood er gerlegt

**11** er verðmatsgengi Landsbankans. Markaðsgengið var um tíu í gær.

Hagfræðideild Landsbankans verðmetur gengi Iceland Seafood International á ellefu krónur á hlut en gengið á markaði var um tíu krónur á hlut í gær. Verðmatið er um tíu prósentum hærra en markaðsgengið var í gær.

Stjórnendur Iceland Seafood stefna á að auka hagnað fyrirtækisins fyrir skatta í 20 milljónir evra á næstu þremur til fimm árum. Til samanburðar var sá hagnaður rúmlega þrjár milljónir evra árið 2016 og tæplega 11 milljónir í fyrra.

Greinendur Hagfræðideildarinnar segja í verðmati sem Fréttablaðið hefur undir höndum að markmiðið sé metnaðarfullt en vel raunhæft. Þeir telja að markaðurinn hafi þegar tekið tillit til fyrirhugaðra hagræðingaraðgerða í gengi hlutabréfa fyrirtækisins. Það þýði að markaðurinn hafi trú á fyrirætlunum stjórnendanna.

Fram kemur í verðmatinu að fiskur sé það prótein sem mest sé neytt í heiminum og að Iceland Seafood standi frammi fyrir því tækifæri að leiða sameiningar í sjávarútvegi. Ekki sé vanþörf á. Aftur á móti, í ljósi þess að viðskiptamódelið gangi út á að afla villts sjávarfangs úr náttúrunni, reksturinn kalli á mikla bindingu veltufjármuna og framlegðin sé lítil skapi þessir þættir eðli málsins samkvæmt áhættu. **– hvj**


**Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Seafood International.**

# Stærsta efnisveita landsins með íslenskt sjónvarpsefni!

Vandað íslenskt sjónvarpsefni, nýjustu erlendu þáttaraðirnar, barnaefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndir.

Verð aðeins **3.990 kr./mán.**




MARAÞON

Tryggðu þér áskrift
**stod2.is | 1817**

## Helstu áfangar í sögu bólusetninga

1802 | 1935 | 1950 | 1953 | 1959 | 1960

**1802**
Byrjað að bólusetja hér á landi gegn kúabólu.

**1935**
Bólusett í fyrsta sinn gegn barnaveiki hér á landi.

**1950**
Börnum boðin bólusetning gegn barnaveiki og kíghósta.

**1953**
Boðið upp á bólusetningu gegn stífkrampa.

**1959**
Almennar bólusetningar barna gegn kíghósta, barnaveiki og stífkrampa hefjast.

1965 | 1970 | 1976 | 1977 | 1980

**1965**
Byrjað að bjóða upp á bólusetningu gegn mislingum. Ekki var um skyldubólusetningu að ræða.

**1976**
Almenn bólusetning barna gegn mislingum tekin upp við 2 ára aldur.

**1977**
Bólusetning hafin gegn rauðum hundum meðal næmra 12 ára stúlkna.

**1980**
WHO mælir með að bólusetningum gegn bólusótt verði hætt.

1989 | 1990 | 2000 | 2001 | 2002 | 2004

**1989**
1. janúar hefst almenn bólusetning með þrígildu bóluefni gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum (MMR).

**1997**
Mælt er með að öll 9 ára börn verði bólusett með MMR án tillits til bólusetningar áður.

**2001**
Tilhögun bólusetninga barna breytt þannig að bóluefni gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum er gefið börnum við 18 mánaða og 12 ára aldur í stað 9 ára.

**2002**
Bólusetning gegn meningókokkum C hefst í október.

**2004**
Gefnar út leiðbeiningar um notkun bóluefnis gegn pneumókokkum og hlaupabólu. Ekki tekin ákvörðun um almennar bólusetningar hjá börnum með þessum bóluefnum en mælt með bólusetningu gegn pneumókokkum hjá öllum eldri en 60 ára á 10 ára fresti.

2005 | 2007 | 2010 | 2011 | 2020

**2005**
Heilsugæslan beðin um að hvetja einstaklinga sem fæddir eru 1981 til og með 1985 að láta bólusetja sig með MMR-bóluefni vegna hettusóttarfaraldurs sem kominn var upp.

**2007**
Gildissvið sóttvarnalaga útvíkkað til að ná til allra sjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill.

**2011**
Bólusetning barna gegn pneumókokkum hefst hér á landi 11. apríl. Bólusett við 3, 5 og 12 mánaða aldur.

**2011**
Hafin bólusetning gegn HPV meðal 12 og 13 ára stúlkna.

## Almennar bólusetningar

**3 mánaða**
Kíghósti, barnaveiki, stífkrampi, Haemofilus influenzae sjúkdómur af gerð b og mænusótt í einni sprautu. Pneumókokkar í annarri sprautu.

**5 mánaða**
Kíghósti, barnaveiki, stífkrampi, Haemofilus influenzae sjúkdómur af gerð b og mænusótt í einni sprautu. Pneumókokkar í annarri sprautu.

**6 mánaða**
Meningókokkar C.

**8 mánaða**
Meningókokkar C.

**12 mánaða**
Kíghósti, barnaveiki, stífkrampi, Haemofilus influenzae sjúkdómur af gerð b og mænusótt í einni sprautu. Pneumókokkar í annarri sprautu.

**18 mánaða**
Mislingar, hettusótt og rauðir hundar í einni sprautu.

**4 ára**
Barnaveiki, stífkrampi og kíghósti í einni sprautu.

**12 ára**
Mislingar, hettusótt og rauðir hundar í einni sprautu. Leghálskrabbamein (HPV) eingöngu fyrir stúlkur. Tvær sprautur gefnar með a.m.k. 6 mánaða millibili.

**14 ára**
Barnaveiki, stífkrampi og kíghósti ásamt mænusótt í einni sprautu.

Almennar bólusetningar barna á Íslandi frá **september 2015**. Frekari upplýsingar má finna á **www.landlaeknir.is** og **á heilsugæslustöðvum**.

# Besta leiðin fyrir börnin



**Bólusetningar eru fórnarlömb eigin velgengni og það snjóar smám saman yfir minninguna um þessa hryllilegu sjúkdóma sem eitt sinn voru algengir. Viðhorf til bólusetninga er gott á Íslandi.**

Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@frettabladid.is



Bólusetningar eru sú aðgerð sem hefur bjargað langflestum mannslífum á heimsvísu, nema ef vera skyldi að tryggja aðgang að hreinu vatni, segir Valtýr Stefánsson Thors barnasmitsjúkdómalæknir. Þarna er ekki síst verið að tala um börn yngri en fimm ára. Hann segir hins vegar að bólusetningar séu fórnarlömb eigin velgengni.

„Með tilkomu bóluefnanna hverfa margir af þessum sjúkdómum sem þóttu hryllilegir og voru það sannarlega. Eftir stendur þá minningin um þessa sjúkdóma sem smám saman snjóar yfir. Þá er það eina sem fólk horfir á, hvaða skaðlegu afleiðingar gæti það haft að bólusetja barnið mitt? Það gleymir sjúkdómnum og fer að hugsa um – hvað um þennan eina af 500.000 sem verður fyrir aukaverkun af bólusetningum? Það hefur síðan leitt af sér þetta vandamál sem hefur komið upp undanfarin ár og er kallað bólusetningarhik, þar sem foreldrar hika við að láta bólusetja börnin sín af ótta við aukaverkanirnar. Það er eitthvað sem við þurfum að taka alvarlega. Það er ekki hægt að segja bara – hættið þessari vitleysu og látið bólusetja börnin ykkar! Það þarf að taka þetta samtal og vinna á þessu hiki," segir Valtýr.

### Ekki gott að gera að skyldu

Bandaríkjamenn auk nokkurra þjóða í Suður-Evrópu hafa farið þá leið að setja skyldubólusetningar í lög, það er að börnin komast ekki í leikskóla eða skóla nema að vera bólusett samkvæmt því skema sem er í gildi í löndunum.

„Það vissulega veldur því að fleiri láta bólusetja börnin sín," segir hann en útskýrir að þetta hafi líka þær afleiðingar að snúa þeim sem eru hikandi upp í mótstöðu gegn yfirvaldinu, þannig að þetta kalli á meiri öfgar. „Mín trú er að langbesta leiðin til þess að fá fólk til að bólusetja börnin sín er samtal og fræðsla."

Mislingafaraldurinn sem upp hefur komið í nágrannalöndum okkar vakti fólk til umhugsunar en einnig greindust nokkur tilvik á Íslandi á þessu ári. „Stundum þarf mannskepnan einhvers konar tusku í andlitið til að núllstilla sig og hugsa með sér – staðreyndirnar eru þessar, vísindin segja að þetta sé það sem við eigum að gera fyrir börnin okkar til þess að vernda þau. Bólusetningar eru einfaldlega besta leiðin til að vernda börnin okkar gegn smitsjúkdómum," segir Valtýr og bætir við að þetta hafi verið áminning um að mislingar séu alvöru sjúkdómur sem við erum að vernda börnin okkar gegn.

Bóluefnin eru mismunandi. „Sum bóluefnin virka þannig að þú ert bara að bólusetja til að vernda þann sem er bólusettur. Dæmi um það er stífkrampi sem berst ekki milli manna heldur er umhverfissmit. Það er hryllilegur sjúkdómur að fá, sérstaklega fyrir ung börn," segir hann.

„Langflestir hinna smitsjúkdómanna sem við erum að bólusetja gegn virka þannig að þú verndar þann sem er bólusettur en kemur líka í veg fyrir að sá sem er bólusettur smiti aðra. Eftir því sem fleiri láta bólusetja sig því áhrifaríkari verður þessi aðgerð. Það er misjafnt eftir sjúkdómum hvað við þurfum að bólusetja marga til að vernda alla. Í langflestum tilfellum erum við að tala um 90-95%. Það þurfa nánast allir að vera bólusettir. Mislingarnir eru gott dæmi um þetta," segir hann.

> Mín trú er að langbesta leiðin til þess að fá fólk til að bólusetja börnin sín er samtal og fræðsla.
>
> Valtýr Stefánsson
> Thors barnasmitsjúkdómalæknir



### Gott viðhorf til bólusetninga

Valtýr segir að þátttaka í bólusetningum á Íslandi hafi verið góð „og viðhorf Íslendinga og þeirra sem búa á Íslandi til bólusetninga hefur verið mjög gott. Það eru nánast allir

mjög jákvæðir. En það eru vissulega einstaka fjölskyldur og jafnvel hópar sem annaðhvort hika eða vilja ekki láta bólusetja börnin sín,“ segir hann en í mislingafaraldrinum kviknaði á ljósinu hjá þeim sem voru óbólusettir og margir komu og létu bólusetja barnið sitt. „Það er bara gott, við viljum að sem flestir sjái ljósið,“ segir hann en það er alltaf hægt að skipta um skoðun og koma og fá bólusetningu óháð aldri.

„Það er aldrei of seint nema ef sjúkdómurinn er farinn að banka á dyrnar. Það er alltaf betra að fyrirbyggja sjúkdóminn en meðhöndla hann. Margir af þessum sjúkdómum sem við erum að bólusetja gegn eru þess eðlis að það er engin góð meðferð til eða að sjúkdómarnir eru svo alvarlegir og ágerast svo hratt að þegar fólk kemur börnunum sínum undir læknishendur er of seint að hefja meðferðina.“

Samkvæmt rannsóknum sem gerðar voru árin 2010 og 2013–2014 á afstöðu foreldra á Íslandi til bólusetninga barna kom í ljós að foreldrar eru mjög jákvæðir gagnvart bólusetningum á fyrsta og öðru aldursári og að 96–97% foreldra ætla að láta bólusetja barn sitt samkvæmt íslensku fyrirkomulagi.

**Mikil breyting**

Bólusetningar hafa breytt miklu, líka á síðustu árum. „Nýlegt dæmi um þetta eru þessar meningókokkabakteríur sem við höfum verið að bólusetja gegn frá aldamótum. Síðan svokallaðir pneumókokkar, lungnabólgubakteríur sem valda líka heilahimnubólgu. Okkar ungu læknar, þeir sjá varla bakteríuheilahimnabólgu lengur eftir að við tókum upp bólusetningar gegn þessum sjúkdómum. Fyrir 20-30 árum var þetta kannski ekki daglegt brauð en kom fyrir nokkrum sinnum í mánuði,“ segir hann en fyrir nokkrum áratugum má segja að flestir hafi líklega þekkt til einhvers sem dó úr heilahimnubólgu.

„Með tilkomu bólusetninganna höfum við gjörbylt heilsu ungra barna, það er óumdeilanlegt.“

**Dregið úr eyrnabólgu**

Bólusetning með pneumókokkum virkar líka gegn eyrnabólgu. „Það hefur dregið úr greiningum á eyrnabólgu og sýklalyfjanotkun vegna eyrnabólgu,“ segir hann en þessi bólusetning bættist við 2011. „Þessar bakteríur eru ekki þær einu sem valda eyrnabólgu en oft og tíðum þær verstu. Þetta hefur bætt lífsgæði barna talsvert, sérstaklega á fyrstu tveimur æviárunum,“ segir Valtýr.

„Að þróa bóluefni er gríðarlega flókið ferli. Frá hugmynd að því að bóluefni er tekið í almenna notkun eru oft 20-25 ár. Það þarf að fara í gegnum ótal öryggisþrep og prófanir. Meira að segja eftir að bóluefni hefur farið í gegnum allar þessar hindranir og er komið á markað og farið að nota það í milljónatali er sífellt verið að elta uppi mögulegar aukaverkanir. Það er allt saman tilkynnt og ef það kemur einhvers konar merki um óvæntar aukaverkanir er allt saman stoppað á meðan það er skoðað.“

Nýjungar eru því vissulega innleiddar en það er ekkert verið að rjúka til.

„Við tökum yfirvegaðar ákvarðanir og að mörgu leyti er það lúxus að vera lítil þjóð því við getum svolítið beðið átekta á meðan stærri þjóðirnar taka upp þessi bóluefni sem eru tilbúin. Við getum horft á hvernig gengur hjá þeim og ákveðið eftir á hvort þetta henti okkur. Það er það sem við höfum verið að gera undanfarin ár.“

**Inflúensan er ólíkindatól**

„Inflúensan er ólíkindatól. Hún kemur á hverju einasta ári hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það sem inflúensan hefur gert er að á meðan hún fer í kringum hnöttinn breytir hún sér lítillega. Þess vegna getur maður smitast af inflúensu ár eftir ár,“ segir Valtýr.

Það er ekki gaman að fá inflúensu. „Þær varnir sem við höfum eru að flytja á eyðieyju einhvers staðar í hitabeltinu eða loka sig inni en ef maður ætlar að vera meðal fólks er maður í hættu á að fá inflúensu. Þá er besta vörnin að bólusetja sig. Það eru margir sem segja – ég fæ aldrei inflúensu, og svo eru aðrir sem segjast hafa fengið inflúensu af bólusetningunni. Það er ómögulegt af því að það er engin veira í bóluefninu. Það er ekki hægt að fá inflúensu af bóluefninu. Vörnin er þó ekki nema í kringum 60% þannig að það er hægt að fá inflúensu þó maður sé bólusettur en hún verður örugglega vægari og tekur styttri tíma,“ segir hann.

*Hverjir ættu að láta bólusetja sig?*

„Þeir sem ættu klárlega að láta bólusetja sig gegn inflúensu eru þeir sem eru með veiklað ónæmiskerfi eða undirliggjandi vandamál og síðan eru það þeir sem eru að hugsa um þá sem eru með veiklað ónæmiskerfi eins og starfsfólk sjúkrahúsa eða heilbrigðisstofnana auk aðstandenda. Þetta fólk, sem ætti ekki kannski, heldur án nokkurs vafa að láta bólusetja sig, gengur fyrir. Og þeir sem eiga börn með slík vandamál eiga að láta bólusetja börnin sín. Öllum sem falla ekki í þessa flokka og spyrja mig, svara ég alltaf með jái. Ég get ekki séð annað en að bólusetning sé besta leiðin til að fá ekki inflúensu.“

## Nýjungar í vændum

Sum af bóluefnunum sem eru til eru ekki við lífshættulegum sjúkdómum, a.m.k. ekki í löndum með gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Fæst þeirra eru í notkun á Íslandi en það gæti breyst á næstu árum. Dæmi um það er bóluefni við rotaveiru. „Hún veldur ælu- og niðurgangspestum, sérstaklega hjá ungum börnum, og veldur oft miklum veikindum. Þetta eru löng veikindi og oftar en ekki smitast fleiri á heimilinu. Í vestrænum heimi deyja mjög fáir úr þessum sjúkdómi en hins vegar er til gott bóluefni sem myndi vernda börnin og fjölskyldurnar gegn þessum sýkingum. Þetta er eitthvað sem er mjög freistandi að bæta inn í okkar skema. Við höfum nýlokið við rannsókn á áhrifum þessarar veiru á íslensk börn og erum að vinna úr þeim gögnum og munum í kjölfarið fara í samtal við embætti sóttvarnalæknis um fýsileika þess að taka upp þetta bóluefni hér. Ég veit það er talsverður áhugi innan ákveðinna hópa á landinu að þetta verði gert,“ segir Valtýr.

„Síðan er það hlaupabólusetning. Það hefur nú þegar verið tekin ákvörðun um að það bóluefni verði tekið upp á Íslandi og það á næsta ári. Nákvæm útfærsla á því liggur þó ekki enn fyrir. Það er annar sjúkdómur sem sýkir alla, það fá allir hlaupabólu en flestir sleppa sæmilega auðveldlega frá því, þannig að þeir verða ekki lífshættulega veikir. En engum líður neitt sérstaklega vel með hlaupabólu og margir verða býsna veikir og reglulega koma upp mjög alvarlegir fylgikvillar hlaupabólunnar. Þetta eru oft löng veikindi sem þýðir langar fjarvistir foreldra úr vinnu og námi, svo að ég tali ekki um ef næsta barn veikist á eftir fyrsta. Þó er það þannig að það eru einstaka börn sem veikjast alvarlega. Það væri rökrétt að þetta væri tekið næst upp inn í okkar skema.“

**Gefið þunguðum konum**

„Ef maður horfir aðeins á framtíðina hvað varðar bóluefni sem eru í þróun en eru ekki komin í notkun má kannski nefna tvo sjúkdóma fyrst og fremst. Annar þeirra er RS-veiran sem sýkir öll börn á fyrstu tveimur æviárunum, það er nánast óhjákvæmilegt. Yngstu börnin verða veikust; flestir þeirra sem þurfa að leggjast inn á spítala eru yngri en eins árs. Því yngri sem börnin eru þegar þau veikjast því meiri hætta er þeim búin. Mörg börn eru lengi með astmaeinkenni á eftir, jafnvel í mörg ár eftir að hafa fengið RS-sýkingu,“ segir hann.

Bóluefnið sem er í þróun yrði gefið þunguðum konum. „Þá yrði mamman varin gegn sýkingunni fyrstu mánuðina eftir fæðinguna en myndi líka skila mótefnum yfir fylgjuna til barnsins. Barnið yrði þá varið þessa mánuði þegar það er viðkvæmast fyrir sýkingunni. Þetta er algjör bylting fyrir okkur ef þetta kemst á markað fljótlega.“

Hitt bóluefnið er gegn bakteríu sem heitir GBS. „Þetta er baktería sem margar konur bera með sér og menn líka en vandamálið lýtur fyrst og fremst að nýfæddum börnum. Þetta er ein helsta ástæðan fyrir lífshættulegum bakteríusýkingum hjá börnum á fyrstu vikum ævinnar. Það eru miklar vonir bundnar við það að ef okkur tekst að bólusetja konur á barneignaraldri eða á meðan á þungun stendur, þá gætum við losnað við þessar sýkingar. Þetta eru börn sem veikjast alvarlega á fyrstu dögunum og lenda á gjörgæsludeildum og jafnvel deyja,“ segir Valtýr.

„Annað nýtt á þessu ári eru ráðleggingar varðandi kíghóstabólusetningar hjá þunguðum konum. Vandamálið með þessa kíghóstabólusetningu sem virkar mjög vel er að hún virkar ekkert sérstaklega lengi. Hún ver mann fyrir kíghósta í nokkur ár en svo fer hún smám saman að dvína. Þess vegna er verið að gefa aukasprautu um 14 ára aldur,“ segir hann, en nú er ráðlagt að bólusetja þungaðar konur helst á öðrum þriðjungi meðgöngunnar. Þessi aðgerð er aftur ætluð til að vernda nýfædda barnið sem er í mestri hættu að verða alvarlega veikt og jafnvel deyja af völdum kíghósta.



# Pestir og flensur



Hver kannast ekki við að finna fyrir kuldahrolli, slappleika, beinverkjum, oftsinnis höfuðverk og vita þá að það er eitthvað í aðsigi, maður er að verða lasinn! Hiti hækkar skyndilega og það er best að koma sér heim og upp í rúm bara, já, fá að vera í friði og liggja þetta úr sér. Algengast er að slíkt læðist aftan að manni án fyrirvara og yfirleitt þegar maður hefur akkúrat engan tíma til að vera veikur.

Í umræðunni er oft talað um flensu, það er nokkurs konar samheiti almennings yfir umgangspestir sem herja á okkur frá hausti og yfir vetrartímann. Þær geta verið skæðar og lagt mann í rúmið í marga daga þess vegna, en slíkar pestir eru yfirleitt á grundvelli veirusýkinga. Þær eru algengasta form sýkla sem ráðast á mannslíkamann og við þeim eigum við litlar varnir í formi sýklalyfja. Tegundir veirusýkinga eru æði margar og einkenni keimlík; til viðbótar við það sem ég nefndi að ofan eru hósti, nefrennsli, hálsbólga og hæsi svo dæmi séu tekin. Það hefur oftast nær lítinn tilgang að reyna að átta sig á þeim frekar nema undir sérstökum kringumstæðum. Líkaminn lagar þetta af sjálfu sér og það besta er að hann man við hverja hann hefur barist áður svo við veikjumst ekki aftur af sömu veirunni.

Þegar læknar tala um flensu er það stytting á orðinu „inflúensa“ sem er ákveðin tegund veirusýkingar sem kemur árlega. Yfirleitt í nýjum búningi hverju sinni svo okkur er hætt við að smitast af henni á hverju ári upp á nýtt. Munurinn á inflúensu og hefðbundnum umgangspestum er í stuttu máli að hún er öflugri ef svo mætti kalla, henni fylgir lengra veikindatímabil og einstaklingar eru einnig veikari almennt þegar þeir fá hana. Þannig má segja að það sé meiri hætta á fylgikvillum og erfiðari sýkingum eins og lungnabólgu, nýrnabilun og lifrarvanda til viðbótar við sýkinguna sjálfa. Á meðan minniháttar veirupestir eru mestmegnis á haust- og vetrarmánuðum, jafnvel fram á vorið, er inflúensan yfirleitt að koma í kringum áramót og ná hámarki í janúar, febrúar.

Inflúensa hefur valdið miklum usla í gegnum tíðina og hafa heimsfaraldrar brotist út sem hafa kostað milljónir mannslífa líkt og spænska veikin árið 1918. Nokkrir stærri faraldrar hafa komið upp á seinni tímum sem þó hafa ekki verið jafn mannskæðir, t.a.m. 1957, 1978 og núna síðast árið 2009 þegar alheimsviðbragði var lýst yfir vegna nýrrar inflúensuveiru, svokallaðrar svínaflensu.

Árleg inflúensa kemur verst niður á eldri kynslóðinni og einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma, því er mikilvægt að verjast henni. Smitleiðir eru í gegnum dropa og snertismit og til að hindra útbreiðslu almennt er ráðlagt að hósta eða hnerra í bréfþurrkur, henda þeim í ruslið, þvo sér um hendur og ef maður er veikur að halda sig heima við. Þá er einnig skynsamlegt að láta bólusetja sig.

Bóluefni er almennt ráðlagt þeim sem eru í áhættuhópum, en til þeirra má telja alla sem eru eldri en 60 ára, öll börn og fullorðna sem þjást af langvinnum, hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum eða eru ónæmisbældir eða á slíkri meðferð. Þess utan er talsvert bólusett á vinnustöðum og hjá almenningi til að hindra keðjuverkandi veikindi. Heilbrigðisstarfsmenn eru sérstaklega hvattir til bólusetningar. Óháð er að segja að Íslendingar hafi hingað til verið virkir og látið bólusetja sig og þannig komið í veg fyrir óþarfa veikindi. Því hvet ég þá sem hafa hug á slíku að skrá sig til bólusetningar nú í haust og minnka líkurnar á smiti.

**Teitur Guðmundsson**
læknir

bauhaus.is

# BAUHAUS®



## HEFUR ÞÚ SÉÐ JÓLABLAÐ BAUHAUS?



**6.995.-**

**LED-garðljós stjarna**
2 stk. í mism. stærðum. Samtals 70 LED- perur. Svört. Til notkunar utanhúss.



**6.995.-**

**LED-garðljós hjarta**
2 stk. í mism. stærðum. Samtals 70 LED-perur. Svart. Til notkunar utanhúss.



**7.995.-**

Þv. 78 cm. Með 7 örmum.................. 8.995.-
Þv. 115 cm. Með 9 örmum.................9.995.-

**Sjálflýsandi stjarna**
Þv. 60 cm. Með 7 örmum. Græn. IP44-vottuð til notkunar utanhúss.



**2.995.-**

**Grýlukertasería**
Með 10 grýlukertum. Samtals 40 hvítar LED-perur. Lengd 6,8 m. Hægt að framlengja. IP44- vottuð til notkunar utanhúss.



**6.995.-**

**Bonny krans, loftljós**
Með 50 LED-perum. Þv. 45 cm. Silfurlituð. Til notkunar innanhúss.



**3.995.-**

**Julle krans, loftljós**
Þv. 33 cm. Með 30 hlýlega hvítum LED-perum. Úr málmi. Til notkunar innanhúss.



**3.995.-**

**Hydra jólaljós**
Með 120 LED-perum. Þv. 30 cm. Silfurlitað. IP44-vottuð til notkunar utanhúss.

## Jólin byrja í BAUHAUS!



**3.995.-**

**Globe LED ljósasería**
Með 40 LED perum sem skipta lit. Lengd 3,9 m + 5 m svartri snúru. 24V. IP44, vottuð til notkunar utanhúss.

**Með 80 LED-perum.**
7,9 m + 5 m tengisnúra.........................................................9.995.-



**4.995.-**

**Cascade LED-gardína**
Með 144 hlýlega hvítum LED-perur. 4 x 0,6 m + 5 m tengi-snúra. Glær. 36 strengja. IP44- vottuð til notkunar utanhúss.

**Með 300 LED-perum. 4 x 1,3 m + 5 m tengisnúra.**
20 strengir.........................................................6.995.-



**595.-**

**Ljósasería**
Með 48 LED-perum. Fæst með hlýlega hvítum eða marglitum perum. Lengd 3,6 m + 50 cm tengisnúra. Svört. 8 stillingar. Rafhl. fylgja ekki. Með tímastilli.

Með 80 LED-perum. 5,6 m + 50 cm tengisnúra...................795.-
Með 120 LED-perum.
Hlýlega hvít eða marglit. 9 m + 50 cm tengisnúra................995.-
Með 180 LED-perum.
Hlýlega hvít eða marglit. 13,5 m + 50 cm tengisnúra........1.295.-
Með 192 LED-perum.
Hlýlega hvít eða marglit. 14,4 m + 50 cm tengisnúra........1.495.-

**Ljósanet**
Með 80 LED-perum. Fæst með hlýlega hvítum eða marglitum perum. 1,35 m x 0,8 m + 50 cm tengisnúra. Svört. Notar rafhlöður, sem fylgja ekki. Með tímastilli og 8 stillingum. IP44-vottuð til notkunar utanhúss.

**1.495.-**

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

## OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



Svartfell er sérlega tignarlegt fjall sem heillar alla sem berja það augum, þar á meðal Jóhannes S. Kjarval. MYND/TG

# Stigið inn í verk Kjarvals

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Víknaslóðir eru sannkallað gósenland fyrir útivistarfólk enda býðst þar urmull spennandi gönguleiða sem þræða sig á milli fáfarinna víkna og litríkra líparítfjalla. Ein slík liggur upp að Svartfelli, 510 m háu hamrastáli sem liggur á milli Brúnavíkur og Borgarfjarðar eystri. Svartfell er eitt af mörgum tignarlegum fjöllum sem raða sér meðfram endilöngum Borgarfirði og mynda einhvern tignarlegasta fjallasal landsins. Mest áberandi eru Dyrfjöll en Svartfell er ekki síður spennandi og bæði sjást víða að. Jóhannes S. Kjarval heillaðist ungur af Svartfelli, sem helst minnir á kirkju eða kastala, og gerði fjallið ódauðlegt í málverkum sínum.

Hann var aðeins fjögurra ára gamall þegar hann kom í Borgarfjörð til að dvelja hjá ættingjum í Geitavík og bjó þar fram til sextán ára aldurs. Líkt og allir sem koma á þessar slóðir heillaðist hann af stórbrotinni náttúru svæðisins, en síðar á ævinni átti hann eftir að heimsækja Borgarfjörð margsinnis til að mála. Kjarval var ekki aðeins stórkostlegur listamaður heldur mikill náttúruverndarmaður sem segja má að hafi verið á undan sinni samtíð. Hann opnaði Íslendingum nýja náttúrusýn með því að sýna fegurð landslags með nýjum hætti, m.a. með ýmiss konar kynjamyndum í hrauni sem annars var litið á sem farartálma og klettar voru sýndir sem heimkynni huldufólks. Úr Borgarfirði virðist Svartfell ókleift en að austanverðu er ágæt gönguleið upp á tindinn. Efst er frábært útsýni yfir Borgarfjörðinn eins og hann leggur sig en einnig að Dyrfjöllum og Brúnavík.

Efst í Svartfelli er gjá sem heitir Klukknagjá og er sagt að þar hafi heiðnir komið fyrir klukkum sem áttu að vara við voveiflegum tíðindum og ofsaveðrum. Síðar sló í brýnu milli kristinna og heiðingja og höfðu kristnir betur. Voru eftirlifandi heiðingjar látnir taka skírn en hinir grafnir skammt frá í svokölluðum Dysjarhvammi. Ganga í kringum Svartfell er frábær gönguleið sem tekur hálfan dag og er flestum fær. Haldið er upp úr Borgarfirði eftir vegslóða sem liggur út í Brúnavík og þannig komist að norður- og austurhlíðum fjallsins. Síðan er veginum úr Breiðuvík fylgt aftur ofan í Borgarfjörð sunnan megin. Á leiðinni má sjá tröllslegar hraunmyndanir og kletta sem gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn en líka gróin dalverpi með lækjarsprænum og tjörnum. Þarna verða allir Kjarval í huganum.





Í hlíðum Svartfells eru tröllslegar bergmyndanir sem gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. MYND/TG



Svartfell, Jóhannes S. Kjarval. Olía á striga (59 x 92 cm). Eign Arion banka og birt með leyfi Myndstefs fyrir hönd rétthafa.

Fókus á hjarta landsins

# NÝTT & SPENNANDI!




TILBOÐSVERÐ:
5.599.-
Verð:
6.999.-

KEMUR ÚT Í DAG!

Sterkasta kona í heimi




**Múmínálfarnir - Stórbók 2**
Verð: 4.999.-




KEMUR ÚT Í DAG!

# EKKI MISSA AF ÞESSUM!

TILBOÐSVERÐ:
5.599.-
Verð:
6.999.-

**Helköld sól**

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 24. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Hver er gráðugur?



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Verktakar hafa tekið sig saman og stefnt Reykjavíkurborg vegna svokallaðra innviðagjalda sem borgin hefur innheimt á undanförnum árum í tengslum við uppbyggingu á húsnæðismarkaði. Gjaldið telja verktakarnir ólögmætt. Fjárhæðirnar nema milljörðum. Gjaldið skiptir almenning máli því það hefur áhrif til hækkunar á byggingarkostnaði sem aftur hefur áhrif til hækkunar fasteignaverðs, getur dregið úr framboði og rýrt hlut kaupenda, seljenda og leigjenda þegar á hólminn er komið.

Borgin hefur innheimt þessi tilteknu gjöld í ýmsu formi og undir ýmsum nöfnum undanfarin ár. Oft er óljóst hvaða forsendur liggja að baki ákvörðun um upphæð gjaldsins hverju sinni. Upphæðin er ólík milli svæða. Gjaldið hefur líka verið innheimt við uppbyggingu á svokölluðum þéttingarreitum – þar sem fyrir er enginn skortur á innviðum! Vitaskuld vekur slíkt spurningar um innheimtu gjaldsins og hvert fjármunirnir renna í raun.

Í stað þess að svara gagnrýni málefnalega, segir borgarstjóri boðað dómsmál til marks um eitthvað sem hann kallar „verktakagræðgi". Álagning gjaldanna byggi á samningum sem verktakar hafi undirritað. Það sé því einkennilegt að þeir ætli sér nú að „stinga af frá reikningnum og velta kostnaðinum yfir á borgarbúa". Gott og vel. Sennilega hafa báðir eitthvað til síns máls.

En þótt hagsmunaaðilar höfði dómsmálið má það ekki villa okkur sýn. Það er brýnt fyrir almenning að úr óvissunni um lögmæti gjaldsins sé skorið. Sem dæmi má nefna að innviðagjald á hvern fermetra í hinni nýju og um margt glæsilegu Vogabyggð er um 23 þúsund krónur. Það gerir 2,3 milljónir króna á hverja 100 fermetra íbúð. Í Vogabyggð nemur þessi skattstofn borgarinnar um fimm milljörðum króna. Munar um minna.

Frumskógarlögmál ríkir á húsnæðismarkaði. Kallað hefur verið eftir að stjórnvöld bregðist við. Hlutur sveitarfélaganna er þar mestur. Innviðagjaldið er enn lagt á uppbyggingarverkefni í borginni. Á næstu árum eru miklar framkvæmdir fyrirhugaðar.

Hvað sem meintu ólögmæti innviðagjalds líður, er það staðreynd að meirihlutinn í borginni hefur skorast undan ábyrgð á sjálfsögðu aðhaldi í rekstri. Til að bregðast við því heldur borgin ekki bara útsvari í hæsta lögleyfða marki heldur hækkar tekjustofna með ýmsum kúnstum, sem innviðagjaldið virðist vera skólabókardæmi um.

Að minnsta kosti hlýtur að teljast ólíklegt að stétt verktaka sé gráðugri en annað fólk. Viðbrögð borgarstjórans bera vott um valdhroka, í stað lausnamiðaðrar nálgunar á hvernig skuli leysa sjálfskapaðan bráðavanda á húsnæðismarkaði.

> **Viðbrögð borgarstjórans bera vott um valdhroka, í stað lausnamiðaðrar nálgunar á hvernig skuli leysa sjálfskapaðan bráðavanda á húsnæðismarkaði.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Svo lengi lærir sem lifir**

**Undirritaður tekur hattinn ofan fyrir Ingu Sæland og Þorsteini Sæmundssyni, sem hann í fávisku sinni taldi ekki mjög vel upplýst um fíkniefnamarkaðinn á Íslandi. Komið hefur á daginn að þau eru bæði gangandi uppflettirit. Inga Sæland hóf umræður á þingi um fíkniefnafaraldurinn og var með götuverðið á slagi af kókaíni á hreinu. Í Silfrinu stal Þorsteinn þrumunni af Halldóru Mogensen í kannabisumræðunni. Hann vissi upp á hár hver sektin væri fyrir að malla stuð og var vel að sér þegar talið barst að einhverju sem kallast Cannabidiol og THC-gildi ýmissa efna.**

**Nú skal rifist**

**Harmageddonbræður eru mættir aftur í viðtæki landsmanna eftir langt sumarfrí. Þáttur Frosta og Mána hefur það fram yfir flesta aðra að þar eru málefni ekki tekin neinum vettlingatökum. Á fyrstu mínútunum barst talið að fasistatöktum „Góða fólksins", sérstaklega þeirra sem gera út á góðmennsku sína á Twitter. Síðan benti Máni á að þegar Frosti leysti af í Reykjavík síðdegis heyrði hann á rödd Frosta að hann vildi byrja að þræta við innhringjendur. Nú má rífast og skammast í hverjum sem er.**

**kristinnhaukur@frettabladid.is**
**arib@frettabladid.is**

# Nauðsyn, ekki lúxus



Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Þótt nýsköpunarfyrirtækin OZ og Plain Vanilla hafi ekki gengið eins og vonir stóðu til skildu þau eftir sig gífurleg verðmæti. Hugvit og starfsfólk sem stóð uppi reynslunni ríkari. Fyrrverandi starfsfólk OZ, eftir sára magalendingu, stofnaði tugi fyrirtækja. Eitt þeirra er CCP Games, stöndugt og skemmtilegt fyrirtæki þar sem eftirsóknarvert þykir að vinna. CCP hefur aftur getið af sér tugi nýrra fyrirtækja. Sömu sögu má segja af Plain Vanilla. Þegar nýsköpunarfyrirtæki fara á hausinn verða ekki eingöngu rjúkandi rústir eftir, heldur fólk sem lærir af reynslunni og gengur vonandi betur næst.

**Samkeppni um fólk**

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra, kynnti nýlega nýsköpunarstefnu Íslands. Markmið hennar er að gera Ísland betur í stakk búið að mæta áskorunum framtíðarinnar með því að byggja upp traustan grundvöll fyrir nýsköpun. Stefnan er mikilvæg og um margt framsækin. Ísland á nefnilega í harðri samkeppni við önnur lönd um fólk. Það er allra hagur að ungt fólk velji að búa hér. Af þeim sökum þarf landið að vera samkeppnishæft þegar kemur að hinum ýmsu lífsgæðum, til dæmis að hér séu störf við hæfi.

Talið er að minnst 65% starfa framtíðarinnar séu ekki til í dag. Það er því eitt af stóru málunum sem við stöndum frammi fyrir að skapa jarðveg svo ungt og vel menntað fólk geti haslað sér völl og skapað sér starfsvettvang. Nýsköpun er framtíðin og öflugt atvinnulíf er grundvallarforsenda velsældar. Séu ekki störf til staðar á Íslandi þá leitar fólk einfaldlega annað. Ungt og hæfileikaríkt fólk hefur alla burði til að kjósa með fótunum.

Nýsköpun er nefnilega nauðsyn, en ekki lúxus, líkt og ráðherrann komst svo vel að orði.

> **Séu ekki störf til staðar á Íslandi þá leitar fólk einfaldlega annað.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sjö ára svívirða

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Þið munið hvað gerðist. Bankamenn, sem voru sumir síðan dæmdir til samtals 88 ára fangavistar, og stjórnmálamenn, sem var öllum hlíft við refsingu, lögðu landið á hliðina 2008. Fólkið reis upp, barði potta og pönnur og heimtaði stórhreingerningu og nýja stjórnarskrá. Alþingi lét undan, lamað af ótta, boðaði til þjóðfundar 2010 og leyfði fólkinu í landinu milliliðalaust að kjósa Stjórnlagaráð sem samdi frumvarp 2011 í samræmi við niðurstöðu þjóðfundarins. Hæstiréttur reyndi að skjóta kosninguna niður en skotið geigaði. Frumvarpið var samþykkt með 67% atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012. Þá var það eitt eftir að Alþingi lyki málinu með því að staðfesta frumvarpið fyrir þingkosningarnar 2013 og síðan aftur eftir kosningarnar. Alþingi brást og bisar nú við að semja eigin stjórnarskrá, stjórnarskrá flokkanna og útvegsfyrirtækjanna frekar en stjórnarskrá fólksins. Atgangur Alþingis er svívirðileg atlaga að lýðræðinu í landinu, réttnefnd tilraun til valdaráns.

Fjórflokkurinn, sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra nefndi því nafni 2010, situr fastur í herkví útvegsfyrirtækja og hefur ekki þrek til að losa sig þótt þjóðaratkvæðagreiðslan 2012 hafi veitt honum fullkomið færi til þess. Þingmenn gátu þá sagt við útvegsmenn: „Þjóðin hefur talað. Þið þurfið héðan í frá að greiða fullt gjald fyrir kvótann.“

Rannsóknarnefnd Alþingis upplýsti í skýrslu sinni 2010 (8. bindi, bls. 164-9) að föllnu bankarnir styrktu stjórnmálamenn og flokka 2004-2008 um 147 mkr. Það gerir um 300 mkr. á núvirði og jafngildir nærri 2.000 kr. á hvert greitt atkvæði í alþingiskosningunum 2007. Það þarf engin geimvísindi til að geta sér til um að útvegsfyrirtæki hafi bæði fyrir og eftir hrun séð sér hag í að hafa sama háttinn á og bankarnir sem keyptu sér frið til að hlunnfara fórnarlömb sín án aðhalds frá Alþingi. Tólfta hver fjölskylda um landið missti heimili sitt eftir hrun. Vonandi þarf ekki nýtt hrun með tilheyrandi skakkaföllum til að leiða fram upplýsingar um fjárhagstengsl útvegsfyrirtækja við stjórnmálamenn og flokka. Í Bandaríkjunum eru nú þingið, alríkislögreglan og saksóknarar í óða önn að fletta ofan af hliðstæðum fjárhagstengslum eins og vera ber í sæmilega heilbrigðu réttarríki.

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur 2009-2013 ber þunga ábyrgð. Henni bar að neyta þingmeirihlutans sem fyrir lá með undirskriftum 32ja þingmanna til að staðfesta nýju stjórnarskrána vorið 2013 en stjórnin bar ekki gæfu til þess. Eigin flokksmenn keyrðu forsætisráðherrann niður með fulltingi nýrra formanna þv. stjórnarflokka, Árna Páls Árnasonar í Samfylkingu og Katrínar Jakobsdóttur í VG. Óhæfuverk þeirra markaði upphaf þeirrar sjö ára svívirðu sem fólkið í landinu þarf enn að búa við. Gömlu helmingaskiptaflokkarnir snerust báðir gegn þjóðinni þegar mesti óttinn rann af þeim eftir hrun og hafa nú báðir verið klofnir í herðar niður. Hitt er enn lakara að fyrsta meirihlutastjórn lýðveldisins án beggja þessara hermangs- og einkavinavæðingarflokka skyldi bregðast trausti kjósenda þegar svo mikið lá við. Vinstri græn innsigluðu samsekt sína með því að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki og Framsókn 2017, stjórn sem þykist nú sitja við að semja nýja stjórnarskrá í stað þeirrar sem 67% kjósenda samþykktu 2012.

Málflutningur forsætisráðherra o.fl. um stjórnarskrármálið vitnar um einbeittan brotavilja gagnvart fólkinu í landinu. Auðlindaákvæði ráðherrans er bersýnilega ætlað að þýðast ríkjandi hagsmuni, þau öfl sem áttu mestan þátt í að koma Íslandi á kaldan klaka 2008, skaða ásjónu landsins í augum umheimsins og grafa undan trausti innan lands. Niðursallandi umsagnir almennings um ákvæði ráðherrans á vefsetri Alþingis afhjúpa óhæfuna. Fimm af hverjum sex vantreysta Alþingi skv. nýlegri könnun Gallups.

Frumvarp Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá svaraði að loknum þjóðfundi 2010 ákalli þjóðarinnar um nýja stjórnarskrá, nýja siði, nýtt upphaf. Þetta var gert í samræmi við verkferli sem Alþingi ákvað. Fyrirætlanir forsætisráðherra miða að því að bregðast þessu ákalli, ekki aðeins með því að úrbeina auðlindaákvæðið sem 83% kjósenda lýstu sig fylgjandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 heldur einnig með því leiða hjá sér ákvæðið um jafnt vægi atkvæða, eitt brýnasta ákvæði frumvarpsins, og einnig t.d. ákvæði um framsal ríkisvalds. Ekki bara það: Forsætisráðherra hefur beinlínis ýtt þeim tillögum sem kjósendur samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu út af borðinu eins og þær leggja sig. Já, þið lásuð rétt!

Án nýs kosningaákvæðis verða næstu alþingiskosningar enn á ný haldnar skv. kosningalögum sem 67% kjósenda höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Án nýs framsalsákvæðis munu alþingismenn halda áfram að sæta ásökunum um að brjóta vísvitandi gegn gildandi stjórnarskrá þar eð í hana vantar skýrt ákvæði um framsal ríkisvalds. Og enn um sinn mun haldast í gildi hin bráðsmellna 30. grein gildandi stjórnarskrár frá 1944: „Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.“



# Að kafna úr sköttum



Ásta S. Fjeldsted
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Hvort kalla megi það sérstakt listform stjórnmálanna, að kreista sífellt fleiri krónur út úr atvinnulífinu án þess þó að gera alveg út af við fyrirtækin í landinu, skal látið liggja milli hluta, en ljóst er að samhliða vexti hagkerfisins undanfarna tvo áratugi hefur ríkið sótt sér hlutfallslega sífellt fleiri krónur úr vasa skattgreiðenda. Hið opinbera hefur verið afkastameira en heimili og fyrirtæki landsins við að auka tekjur sínar á þessu tímabili, en frá árinu 1997 hefur skattheimta sem hlutfall af landsframleiðslu hækkað um fimm prósentustig og farið úr því að vera sú áttunda hæsta meðal OECD-ríkjanna upp í að vera sú önnur hæsta. Fyrirtæki landsins hafa vissulega fundið fyrir þessu.

**Fyrirtækin mætt álögum með myndarbrag**

Á hverju ári gefur Viðskiptaráð út yfirlit yfir skattbreytingar. Í hverri einustu samantekt frá árinu 2008 hefur fjöldi skattahækkana verið meiri en lækkana – að jafnaði þrjár hækkanir fyrir hverja lækkun.



Á uppgangstímum eru háir og síhækkandi skattar að sönnu íþyngjandi byrði í atvinnurekstri en ef til vill bærilegri fyrir þær sakir að efnahagsumsvif aukast, veltan eykst og auðveldara er að takast á við aukinn kostnað.

Auk hærri skatta þykir jafnan sjálfsögð og eðlileg krafa að fyrirtæki geti sífellt hækkað laun án þess að velta þeim kostnaði út í verðlag, mætt nýrri reglubyrði og sinnt samfélagslegri ábyrgð. Undanfarin ár hafa íslensk fyrirtæki mætt þessari áskorun samfélagsins af myndarbrag. Ekki virðist sem samsvarandi pressa sé á rekstur hins opinbera. Fjölgun ríkisstofnana er yfirvofandi og umbætur eða tilraunir til aukinnar skilvirkni fara ekki hátt. Rafræn þjónusta hins opinbera er almennt langt undir þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Þegar harðnar á dalnum og hagvöxtur léttir ekki lengur undir með atvinnurekendum á móti kröfum hins opinbera um nýja eða hærri skattstofna, íþyngjandi regluverki eða kröfum um hærri laun verður byrðin óbærileg. Í slíkum aðstæðum verður eitthvað undan að láta, oftast verðlag eða atvinnustig. Því hefði það ekki átt að koma á óvart þegar fréttir bárust af uppsögnum fyrr á árinu.

**Hvað er til ráða þegar harðnar á dalnum?**

Í fyrsta lagi má horfa til fjármálakerfisins en í haust hefur á annað hundrað manns verið sagt upp í stóru bönkunum. Sú sársaukafulla aðgerð skilar 1,3 milljarða króna hagræðingu. Aftur á móti greiðir bankinn um 5 milljarða króna á ári í sértæka skatta og vegur þar bankaskattur þyngst. Það má því velta fyrir sér hvort framangreindar hagræðingaraðgerðir hefðu verið nauðsynlegar ef bankaskattsins nyti ekki við. Vissulega stendur til að lækka skattinn lítillega á næsta ári en það hefði þurft að byrja fyrr og lækka hann meira en stendur til.

Í öðru lagi er hægt að horfa til tryggingagjaldsins sem hefur verið í hæstu hæðum alla uppsveifluna þrátt fyrir að atvinnuleysi væri í lægstu lægðum. Fyrst svo var þá hlýtur að vera hægt að draga þá ályktun að stjórnvöld telji tryggingagjaldið eiga að leggjast á móti hagsveiflunni. Í þessu tilviki hefur verið boðað í fjárlögum að gjaldið skuli lækkað lítillega, en aftur er það lítið og of seint. Gjaldið leggst þyngst á fyrirtæki í ferðaþjónustu og hugvitsdrifna starfsemi þar sem ein mestu tækifærin til aukins hagvaxtar er að finna. Með því að lækka hinn almenna hluta tryggingagjaldsins til samræmis við það sem það var á árunum 2007-2011 mætti draga úr álögum hins opinbera á fyrirtæki um 5,8 milljarða.

Í þriðja lagi er hægt að líta til fasteignagjalda sveitarfélaganna sem eru hærri fyrir fyrirtæki en einstaklinga og opinberar stofnanir. Þar hafa litlar lækkanir á skatthlutföllum orðið á síðustu árum þrátt fyrir afar kröftuga uppsveiflu og nánast fordæmalausar húsnæðisverðshækkanir. Viðskiptaráð

> **Stjórnvöld virðast hins vegar ekki hafa áhuga á að skapa almennilegt andrými fyrir atvinnulífið í landinu, heldur þrengja að því með einni hæstu skattlagningu í heimi.**

áætlaði í fyrra að árleg skattheimta sveitarfélaga hefði aukist um 6,1 milljarð króna vegna húsnæðisverðshækkana. Þetta verður að teljast hvort tveggja óábyrgt og óásættanlegt enda afar ólíklegt að vænta megi lækkana á fasteignagjöldum í niðursveiflunni.

Framangreindir skattar hafa ekki úrslitaáhrif á framgang hagsveiflunnar. Lækkun skatta á borð við þá þrjá sem hér eru nefndir getur hins vegar aukið viðnámsþrótt fyrirtækja þegar harðnar á dalnum. Stjórnvöld virðast hins vegar ekki hafa áhuga á að skapa almennilegt andrými fyrir atvinnulífið í landinu, heldur þrengja að því með einni hæstu skattlagningu í heimi. Það eru einfaldlega mikil vonbrigði og ekki til farsældar fallið fyrir land og þjóð.

# Þolinmæði opinberra starfsmanna á þrotum



Árni Stefán Jónsson
formaður Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu

Samningaviðræður opinberra starfsmanna við ríkið hafa nú staðið yfir í rúmt hálft ár. Á þessu hálfa ári hefur nánast enginn árangur náðst. Því hafa opinberir starfsmenn vísað málinu til ríkissáttasemjara til að freista þess að ná einhverri niðurstöðu áður en við neyðumst til að grípa til aðgerða.

Vonbrigðin eru mikil því satt að segja lögðum við af stað í viðræðurnar full bjartsýni um breytta tíma og ný vinnubrögð. Fyrir utan almennar kröfur um launahækkanir og breytingar á einstökum kjarasamningsgreinum lögðum við fram þrjár meginkröfur.

Í fyrsta lagi þá lögðum við til styttingu vinnuvikunnar, enda höfum við verið í samstarfi bæði við ríki og Reykjavíkurborg um tilraunaverkefni í aðdraganda þessara samninga. Niðurstöður verkefnanna voru afar jákvæðar en sá árangur virðist ekki hafa skilað sér inn í viðræðurnar.

Í öðru lagi var krafa okkar um jöfnun launa milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins. Árið 2016 var gerður samningur milli opinberra starfsmanna, ríkisvaldsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um jöfnun lífeyrisréttinda milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins. Samningurinn var algjör tímamótasamningur því aldrei fyrr hafa svo stór og mikilvæg kjör launafólks verið samræmd milli markaða. Í samningnum var ákvæði um að launakjör yrðu einnig jöfnuð enda hafa kannanir sýnt að það sé um 16-20% launamunur milli opinbera starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði, opinberum starfsmönnum í óhag. Muninn átti að leiðrétta á næstu 6-10 árum samkvæmt samningnum. Því miður hafa engar leiðréttingar enn átt sér stað þrátt fyrir miklar umræður og þrýsting af okkar hálfu. Við erum því tilneydd til að draga fram þessa kröfu í kjarasamningsviðræðunum nú og höfum ítrekað kallað eftir tillögum atvinnurekenda á útfærslu leiðréttingarinnar. Við höfum lagt til ákveðnar tillögur en ekkert bólar á viðbrögðum viðsemjenda. Nú þegar liðin eru þrjú ár frá undirritun samnings er því nauðsynlegt að við náum fram ákvörðun um fyrstu skrefin og útfærslu til næstu ára. Viðsemjendur okkar þurfa að gera sér það ljóst að opinberir starfsmenn munu ekki ganga frá samningum án þess að frá þessu máli verði gengið.

> **Það er forkastanlegt að sjá hvernig vinnubrögð viðsemjanda hafa verið, sérstaklega í ljósi allrar þeirrar umræðu á milli aðila vinnumarkaðarins síðustu misseri um bætt vinnubrögð og árangursríkari viðræður.**

Þriðja stóra málið sem við höfum lagt áherslu á er útfærsla launaþróunartryggingarinnar eða launaskriðstryggingarinnar eins hún kallaðist í samningunum 2015. Tryggingin er að norrænni fyrirmynd og þykir yfirleitt góð aðferðafræði til að tryggja stöðugleika og jöfnuð í launaþróun á milli markaða. Við höfum sjálf séð hvernig hún virkar til jöfnunar síðastliðin ár og leggjum því mikla áherslu á að samkomulagið um launaþróunartrygginguna verði endurnýjað í þessum samningum. Það kemur sannarlega á óvart að finna ákveðna tregðu hjá viðsemjendum til þess að ganga frá tryggingunni inn í samningana nú.

Eins og fyrr sagði hafa samningaviðræður staðið í rúmt hálft ár án nokkurs sýnilegs árangurs. Það er forkastanlegt að sjá hvernig vinnubrögð viðsemjanda hafa verið, sérstaklega í ljósi allrar þeirrar umræðu á milli aðila vinnumarkaðarins síðustu misseri um bætt vinnubrögð og árangursríkari viðræður. Þessar meginkröfur opinberra starfsmanna eru kröfur um jafnrétti og jafnræði á vinnumarkaði – um þær þarf ekki að deila.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskt
Lambakjöt



**798 kr./kg**

**KS Súpukjöt**
Frosið, 2019 slátrun



**959 kr./kg**

**KS Lambabógur**
Heill, frosinn, 2019 slátrun



**279 kr./kg**

**KS Lambahjörtu og Lambalifur**
Frosin, 2019 slátrun

## Ný uppskera!

ÍSLENSKT
gjörið svo vel



**298 kr./kg**

**Íslenskar Rófur**
Í lausu



1kg

**459 kr./1 kg**

**Íslenskar Gulrætur**
Í poka, 1 kg

## Réttur mánaðarins




**1.998 kr./stk.**

**Bónus Lambakjöt í karrý**
1 kg - Verð áður 2.298 kr.

## Foreldað
Aðeins að hita




Sparaðu tíma og fyrirhöfn

**1.598 kr./stk.**

**Bónus Súpur**
1-1,2 kg, 5 tegundir

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 20. október eða meðan birgðir endast.


Kristinn er fluttur aftur að KR-svæðinu eftir nokkur ár í Grafarholti. „Ég hef aldrei gert greinarmun á sjálfboðaliðum KR. Þetta eru allt jafningjar í mínum huga.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bikaróði formaðurinn

**Kristinn Kjærnested hættir sem formaður knattspyrnudeildar KR eftir 20 ára stjórnarsetu. Á þeim tíma varð karlaliðið 7 sinnum Íslandsmeistari, 5 sinnum bikarmeistari og kvennaliðið lyfti bikarnum einu sinni. Hann segir nýjasta titilinn sætan.**

**FÓTBOLTI** „„Allir titlarnir eru auðvitað manni kærir. Titillinn 1999 var einstakur á svo margan hátt. Á Eiðistorgi voru mörg þúsund manns að fagna. Stelpurnar vinna tvöfalt og Atli Eðvaldsson í rykfrakkanum á hliðarlínunni. Hann var eftirminnilegur sá titill en þessi nýjasti er einstaklega sætur fyrir margar sakir,“ segir Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR. Kristinn ætlar ekki að sækjast eftir endurkjöri á næsta aðalfundi sem fer fram í febrúar. Hann kom inn í stjórn knattspyrnudeildarinnar árið 1999 og varð formaður 2008. Kristinn fagnaði sjö sinnum Íslandsmeistaratitli karlamegin, auk þess að verða sex sinnum bikarmeistari. Fimm sinnum karlamegin og einu sinni kvennamegin.

„Ég er bara búinn með minn tíma og ætla nú að njóta þess að vera á leikjum KR. Mæta kannski klukkutíma fyrir leik sem verður töluverð breyting. Ég hef alltaf mætt tímanlega fyrir alla leiki – heimaleiki sérstaklega. Þetta verður án efa skrýtið enda búið að vera stór hluti af lífi mínu í langan tíma. Trúlega veit ég ekkert hvernig ég á að vera – það kemur bara í ljós,“ segir hann léttur.

Hann mun sinna formennskunni fram til febrúar og er að klára ýmis mál ásamt félögum sínum. Eftir það mun hann ganga út í sólsetrið. Þegar litið er yfir feril Kristins í stjórn og sem formaður kemur margt áhugavert í ljós. Hann hefur ekki aðeins verið duglegur að lyfta bikurum því á hans vakt fór KR-útvarpið í loftið og lýsti Kristinn flestum leikjum KR fyrsta árið. KR samdi við Sigurvin Ólafsson í beinni útsendingu í Heklusporti og ýmislegt fleira sem önnur lið hafa reynt að apa eftir. „Það er frábært að útvarpið sé enn við lýði. Þangað hafa komið þjálfarar andstæðinganna fyrir leik og það er margt vel gert. Við lýstum öllum leikjum í Evrópukeppninni, þannig gátu okkar stuðningsmenn fengið þá leiki beint í æð því það var oft erfitt að sjá þessa leiki í fyrstu umferð í beinni útsendingu.“



KR vann Pepsi Max deildina með yfirburðum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Talandi um Evrópukeppnina þá segir Kristinn það vera gott aukakrydd í tilveruna á stuttu íslensku sumri. Hann hefur farið með liðinu víða um Evrópu og segist eiga margar góðar minningar á þessum 20 árum. „Við unnum Zilina einu sinni sem hafði verið í Meistaradeildinni með Chelsea og Marseille. Við höfum spilað okkar heimaleiki á KR-vellinum en ekki í Laugardalnum sem er ákveðið forskot að mínu mati. Mér er minnisstætt þegar við spiluðum við Basel og Fram átti heimaleik á sama tíma. Helmingur stuðningsmanna Basel birtist í Laugardalnum og kom 20 mínútum of seint í Frostaskjól. Þá vorum við 2-0 yfir.

Það er gaman að koma til þessara borga og þessara landa sem maður myndi ekki gera að öllu óbreyttu. Það var gaman að spila við Celtic, sjá van Dijk henda Gary Martin til og frá. Það er alltaf gaman að fara utan og ná í góð úrslit þó við höfum líka farið sneypufarir. Það sem stendur þó upp úr er að sjá hvað þetta þjappar hópnum saman.“

> **Ég er bara búinn með minn tíma og ætla nú að njóta þess að vera á leikjum KR. Mæta kannski klukkutíma fyrir leik sem verður töluverð breyting.**

Kristinn hefur haldið með KR frá blautu barnsbeini. Fyrsti leikurinn sem hann fór á var þó ekki með KR heldur viðureign ÍA og Breiðabliks. „Þegar ég var fimm ára bjó ég eitt ár hjá ömmu og afa þegar foreldrar mínir voru að byggja úti á Seltjarnarnesi. Þá fór pabbi með mig á völlinn á viðureign ÍA og Breiðabliks. Ég var svo hrifinn af gulum búningum, hafði nýlega séð Arsenal vinna Manchester United. Siggi frændi minn, sem bjó í kjallaranum hjá ömmu og afa, var ekki sáttur við þetta og keypti handa mér KR-búning. Sagði að ég ætti að halda með KR og Liverpool sem ég og gerði. Ég fylgdi því og þetta er eiginlega honum að kenna – eða þakka öllu heldur.“

Eftir 20 ár og 19 stóra titla er komið að leiðarlokum og segist Kristinn geta litið nokkuð stoltur í baksýnisspegilinn. Hann viðurkennir að hafa stundum hugsað að eitthvað hefði átt að gera svona eða hinsegin. Umtalið um KR hefur alltaf verið mikið og það eru mörg símtölin sem formaðurinn hefur tekið við KR-inga í gegnum tíðina. Það er þó eiginlega bara eitt sem nísti inn að beini á öllum þessum árum. „Ég tók það inn á mig þegar stelpurnar okkar féllu hér um árið. Það var sárt. Maður hefur eiginlega verið viðkvæmastur fyrir umræðunni um stelpurnar – að við séum ekki að gera nóg. Þar erum við að gera okkar besta. Skoðanir á því sem við erum að gera eru alltaf miklar og það verður alltaf þannig í KR. Það hafa allir rétt á sinni skoðun. En þessir frábæru einstaklingar sem hafa verið og eru áfram hafa alltaf sett KR í fyrsta sætið – ég fullyrði það.“

benediktboas@frettabladid.is

## Svæðið og tímabilið

KR-ingar stefna á að gera Frostaskjól að einu glæsilegasta íþróttasvæði landsins með mikilli uppbyggingu á komandi árum. KR-svæðið, hefur mátt muna fífil sinn fegri. „Við verðum að viðurkenna það að aðstaðan okkar er ekki eins og best verður á kosið. Þegar allt verður komið í gegn þá verðum við með flottasta svæðið á landinu. Við ætlum að loka vellinum og með því kemur meira skjól.“

Aðspurður hvort hann vilji sjá breytingu á tímabilinu hér á Íslandi segir Kristinn: „Ég er hlynntur því að lengja tímabilið en vellirnir þyrftu að vera meira lokaðir, með meira skjól. Kuldinn er kannski ekki stóra vandamálið heldur vindurinn. Hann er erfiðastur. Ég er ekki hrifinn af innifótbolta – það er ekki sama íþrótt. Ég hef linast í skoðun minni á alvöru grasi og gervigrasi þótt það jafnist ekkert á við að spila á alvöru grasi – ef það er gott. Ég er ekki á þeim vagni að Lengjubikarinn eigi að gefa Evrópusæti. Ef það gerist þá er hætta á því að mörg lið gefi ekki ungum mönnum tækifæri yfir vetrarmánuðina en ég hef ekki töfralausnina.“

# Fólk

## Tíska

FIMMTUDAGUR 17. OKTÓBER 2019



Þau Björn Þór Heiðdal, eigandi Rúmföt.is, og Margrét Guðlaugsdóttir saumakona taka vel á móti gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Dýrindis rúmföt sem eru draumi líkust

Það eru fáir jafn fróðir um rúmföt og Björn Þór Heiðdal en verslun hans, Rúmföt.is, fagnar eins árs afmæli um þessar mundir. Í versluninni að Nýbýlavegi 28 er að finna einstakt úrval af vönduðum rúmfötum á góðu verði. →2



Framhald af forsíðu ➪

Við seljum bæði tilbúin innflutt rúmföt og síðan rúmföt sem við saumum sjálf," segir Björn. „En Magga saumakona, sem saumaði meðal annars fyrir Fatabúðina og Flugleiðahótelin, sér um saumaskapinn. Alveg dýrindis eðalrúmföt úr hágæða ítölsku damaski og satíni.

Það má segja að ég hafi verið alveg ótrúlega heppinn að finna Möggu. Allt sem hún saumar virðist breytast í listaverk," segir Björn.

## Yfir 50 ára reynsla

Magga, eða Margrét Guðlaugsdóttir eins og hún heitir fullu nafni, er öllum hnútum kunnug í saumaskap og býr yfir viðamikilli reynslu. „Fimmtán ára byrjaði ég að sauma tjöld og svefnpoka hjá Belgjagerðinni. Í kringum tvítugt lærði ég síðan að taka mál og snið af fólki á námskeiði hjá Pfaff," segir Magga.

Í gegnum árin hefur Magga saumað rúmföt og annað fyrir búðir eins og Höfnina. Síðan saumaði hún fyrir verslanirnar Smáfólkið og Kristínu á Snorrabraut.

„Síðan um svipað leyti saumaði ég fyrir Erlu á Snorrabraut. Saumaði mikið af blúndum í dúka. Líka rúmföt. Síðan byrjaði ég að sauma fyrir Fatabúðina. Saumaði þar í mörg ár mikið af virkilega vönduðum og flottum rúmfötum. Einnig saumaði ég pífur, rúmteppi, rúmföt og ýmislegt annað fyrir Flugleiðahótelin. Ég saumaði líka rúmföt fyrir Edduna heildverslun. En, með fullri virðingu fyrir öðrum, þá eru efnin sem ég er að vinna með hjá Rúmföt.is án nokkurs vafa þau vönduðustu sem ég hef meðhöndlað."

## Bara það allra besta

Rúmfötin sem Björn býður upp á í verslun sinni, Rúmföt.is, koma víða að úr heiminum en eiga það sameiginlegt að vera þau allra vönduðustu sem völ er á. „Við bjóðum upp á rúmföt frá allra bestu og vönduðustu vefurum Ítalíu, til að mynda frá Quagliotti sem vefur dúka og sængurföt fyrir bresku drottninguna og sum flottustu lúxushótel í heimi," segir Björn. „Fyrir rúmum 12 árum ákvað Hotel Ritz í París að bjóða gestum sínum upp á rúmföt frá Quagliotti eftir ítarlega leit að bestu rúmfötum í heimi. Hótel eins og The Mark í New York, MGM í Macau, The Peninsula í Hong Kong, Armani í Mílanó og 101 Reykjavík bjóða gestum sínum líka upp á Quagliotti-rúmföt."

Í viðbót við öll ítölsku rúmfötin, og síðan þessi sem Magga saumar, selur Rúmföt.is gæðarúmföt frá þýska vefaranum Curt Bauer. „Mér fannst ég þurfa breiðara vöruúrval þegar ég opnaði búðina. Eiga eitthvað til handa öllum. Ég vil að fólk geti komið í búðina mína og fundið rúmföt sem það langar í. Þýsku rúmfötin eru kannski ekki ódýr en þau eru virkilega mjúk og endingargóð," segir Björn.

Verð hefur lítil áhrif á hvaða vörur hann kaupir inn. „Ég spyr aldrei hvað sé ódýrt, bara hvað er það besta. Sumir sætta sig við 200 þræði en ég vil það flottasta, 300 til 600 þræði úr bestu fáanlegu efnum. Sængurföt eru fremur áhugamál en bissness í mínum huga og því reyni ég að hafa álagningu í lágmarki. Verðið á rúmfötunum er því ekki hátt miðað við gæðin."

## Sanngjarnt verð

En Rúmföt.is selur ekki bara lúxusrúmföt í dýrari kantinum. Í versluninni er einnig boðið upp á vönduð gæðarúmföt frá Kína. „Áður en ég opnaði búðina þá vorum við búin að selja þessar vörur hjá Þvottahúsi A. Smith á Bergstaðastæti 52 í meira en 10 ár. Fyrst bara ítölsk og frönsk rúmföt sem ég síðan hætti með. En fyrir nokkrum árum komst ég í kynni við Kínverja sem getur útvegað allar gerðir og tegundir af rúmfötum í litlu magni. Yfirleitt vilja kínversku fyrirtækin bara selja 500 sett eða 2.000 sett af einni tegund. En þetta fyrirtæki gat útvegað mér frábær gæði í litlu magni."

## Góð rúmföt skipta máli

Björn segir Íslendinga ekki gefa vönduðum rúmfötum nægilegan gaum. „Það er alveg ótrúlegt hvað margir Íslendingar eiga léleg rúmföt og ástandið hefur versnað eftir að Verið og Fatabúðin hættu rekstri. Það er eins og fólk viti ekki hvernig gæðarúmföt eiga að vera."

Eftir að hafa tekið skrefið í átt til vandaðra rúmfata, verði ekki aftur snúið. „Fólk virðist spara við sig þegar kemur að rúmfötum en þeir sem kynnast almennilegum gæðum snúa ekki til baka." Verðlagning segi þó ekki allt. „En það má ekki gleyma því heldur að verð er ekkert endilega mælikvarði á gæði. Það þýðir lítið að fara inn í einhverja verslun og kaupa dýrustu rúmfötin þar. Mögulega ertu bara að kaupa álagningu."

Þá býður verslunin einnig upp á að sérsauma rúmföt fyrir viðskiptavini sína. „Því allir eiga skilið að sofa í frábærum rúmfötum úr ítölskum damask- og satínefnum," segir Björn.

Rúmföt.is er til húsa á Nýbýlavegi 28. Sími: 565-1025. Vefslóð: rumfot.is



Rúmföt.is er staðsett á Nýbýlavegi 28 og er þar að finna einstakt úrval vandaðra rúmfata. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Sumir sætta sig við 200 þræði en ég vil það flottasta, 300 til 600 þræði úr bestu fáanlegu efnum. Sængurföt eru fremur áhugamál en bissness í mínum huga og því reyni ég að hafa álagningu í lágmarki.
>
> **Björn Þór Heiðdal**



Hér gefur að líta ægifallegt áprentað satín, sem fæst á 10.900 kr.



Þýsk hágæða rúmföt frá Curt Bauer. Rúmföt.is er með mikið úrval rúmfata frá þessum fyrsta flokks framleiðanda.



Þýskur lúxus frá Curt Bauer svíkur engan. Sjá nánar á www.rumfot.is.



Þessi stílhreinu rúmföt eru nú á tilboði og kosta 13.440 kr.



Hér má sjá einstaklega fallegt íslenskt handverk.



hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



NÝJAR VÖRUR STREYMA INN

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Skyrtukjóll Kr. 10.990.-
Buxur kr.6.900.-

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030




Við getum ekki komið í veg fyrir að þú breytist í foreldra þína ...

En við getum tryggt að þú vitir hvað er að frétta!

FRETTABLADID.IS




David festi nýlega kaup á glæsilegum Jaguar fornbíl.



Gamaldags, herralegur sjarmi Davids heillaði heiminn.

# Kom með karlmennsku í tískuheiminn

**David Gandy er engin venjuleg karlfyrirsæta. Hann sigraði tískuheiminn með hrjúfri karlmennsku, hannar eigin fatalínur, keppir í kappakstri, skrifar í blöðin, leikstýrir, fjárfestir og tekur þátt í góðgerðarmálum af kappi.**




David er karlmennskan uppmáluð þegar kemur að útliti og hugðarefnum.

Bretinn David Gandy er ein frægasta karlfyrirsæta heims, gjarnan settur í annað sætið á eftir Sean O'Pry þegar karlkyns módelum er raðað á topplista tískuheimsins.

David fæddist á Englandi 10. febrúar árið 1980 og verður því fertugur á nýárinu. Þegar David var 21 árs tók líf hans óvænta u-beygju þegar samleigjandi hans tók sig til og skráði hann í fyrirsætuleit sem fram fór í morgunþætti bresku sjónvarpsstöðvarinnar ITV. Allt var það án vitneskju Davids sem sló þó til, tók þátt og vann keppnina og voru verðlaunin samningur við módelskrifstofu í Lundúnum.

Koma Davids Gandy í tískuheiminn gjörbreytti viðmiðum alþjóðlegra tískurisa til karlkyns fyrirsæta. David er hávaxinn, 191 sentimetri á hæð, og varð karlmannlegt fas hans og vöðvastæltur líkaminn sem ferskur andblær í heim karlmódela sem upp til hópa voru ofurgrannir. Ómótstæðileg karlmennska Davids skaut honum því hratt upp stjörnuhimininn og andlit hans prýddi fljótt forsíður frægustu tískurita veraldar. Hann hefur hlotið margvísleg verðlaun fyrir framgöngu sína í heimi tískunnar og oftsinnis lent á topplistum yfir kynþokkafyllstu og best klæddu menn heims. Stóra tækifærið fékk David þegar ítalski tískurisinn Dolce & Gabbana valdi hann sem andlit ilmsins Light Blue og hengdi upp risastóra mynd af honum á Times Square í New York. Næstu árin á eftir skartaði Dolce & Gabbana ofurfyrirsætunni David í auglýsingaherferðum sínum og á tískupöllunum sem varð til þess að aðrir tískuhönnuðir réðu til sín þreknari og karlmannlegri fyrirsætur.

David fékk þó fleiri vöggugjafir en fagurt útlitið. Hann dreymdi um að verða dýralæknir en náði ekki nógu háum einkunnum til að feta þann menntaveg og útskrifaðist með háskólagráðu í markaðsfræði. David þykir hafa einstakt tískuvit og vakti snemma athygli fyrir eigin fatastíl eftir að hann varð fyrirsæta. Því var hann fenginn til að skrifa blogg um fyrirsætuferilinn, tísku, bíla, antík og lífið í London fyrir breska Vogue og lífsstílsgreinar þegar Daily Telegraph stofnaði sérblaðið Telegraph Men fyrir karla. David hefur einnig sett á laggirnar tvö öpp um líkamsrækt og tísku. Hann var andlit Marks & Spencer um tíma og hannaði árið 2014 sína eigin fatalínu fyrir fyrirtækið sem sló í gegn og varð mest selda herralínan í versluninni.

David Gandy er forfallinn bílaáhugamaður og hefur meðal annars verið opinber bílagagnrýnandi breska karlatímaritsins GQ. Hann er með réttindi til að aka kappakstursbílum og var árið 2013 boðið að taka þátt í Mille Migliakappakstrinum á Ítalíu þar sem hann ók í gegnum 200 ítalska bæi allt frá Brescia til Rómar og til baka á Jaguar XK120, árgerð 1950.

David leikstýrir einnig eigin stuttmyndum, fjárfestir í litlum vörumerkjum og sinnir góðgerðarmálum af kappi. Hann eignaðist sitt fyrsta barn í fyrra með unnustu sinni, hæstaréttarlögmanninum Stephanie Mendoros.

# FULL BÚÐ AF DÝRINDIS MERKJAVÖRUM



GERRY WEBER · Junge · Atelier GARDEUR · FRANK LYMAN DESIGN · Taifun · FUCHS SCHMITT · CINZIA ROCCA · Betty Barclay · CREENSTONE



Fylgdu okkur á Facebook

BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

TRAUST Í 80 ÁR

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

# Adidas hefur endurvinnslu

**Íþróttavöruframleiðandinn Adidas og sprotafyrirtækið Stuffstr vinna nú saman að því að draga úr sóun með því að gera breskum neytendum kleift að skila notuðum vörum fyrir inneignarnótur.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Íþróttavörurisinn Adidas er kominn í samstarf við breska sprotafyrirtækið Stuffstr til að hefja endurnýtingu á vörum sínum. Hugmyndin er að gera viðskiptavinum kleift að skila inn notuðum fatnaði og fá inneignarnótu hjá Adidas í staðinn til að minnka sóun. Vefsíðan Business of Fashion segir frá.

Sem stendur er þjónustan bara í boði í Bretlandi, en viðskiptavinum sem hafa skráð sig í nokkurs konar vildarklúbb fyrirtækisins þar í landi er boðið að skila öllum Adidas-vörum sem hafa verið keyptar af merkinu síðustu fimm ár, sama í hvernig ástandi þær eru. Vörurnar verða svo seldar aftur. Ef þær þurfa viðgerð fá þær hana og ef þær eru í slæmu ásigkomulagi verða þær endurnýttar í nýjar vörur.

Ætlunin er að bjóða upp á þessa þjónustu á öðrum sérvöldum mörkuðum á næsta ári.

### Fólk vill minni sóun

Þessi nýja þjónusta er skref í rétta átt hjá íþróttavörurisanum og getur minnkað sóun verulega. Fyrirtækið setti á fót svipuð verkefni í verslunum í Brasilíu árið 2012 og í Kanada árið 2016 og á síðasta ári bauðst fólki líka að skila gömlum fötum og skóm inn í níu verslanir í London, París, New York og Los Angeles.

Þjónustan endurspeglar sívaxandi þrýsting á stóru tískumerkin frá bæði neytendum og eftirlitsaðilum sem vilja að þau bregðist við því gríðarlega magni af úrgangi sem starfsemi þeirra skapar. Áætlað er að föt að andvirði tæplega 22,5 milljarða króna séu urðuð árlega, bara í Bretlandi.

Adidas hefur lagt áherslu á að minnka sóun og úrgang síðustu ár og ætlar til dæmis einungis að nota endurunnið plast í vörur sínar frá árinu 2024.



**Þessi nýja þjónusta Adidas á að minnka fatasóun, en áætlað er að föt að andvirði 22,5 milljarða króna séu urðuð í Bretlandi á ári hverju.** NORDICPHOTOS/GETTY

### Vilja breyta neysluhegðun

En það getur verið erfitt að fá neytendur til að skila inn vörum sem þeir vilja ekki lengur og svo er það flókið mál að flokka og vinna úr þessu magni af fötum sem verður skilað inn. Adidas vonast til að samstarfið við Stuffstr komi þar að gagni.

Breskir neytendur geta skilað inn vörum sem eru virði 20 punda eða meira í gegnum snjallsímaforrit frá Adidas. Stuffstr sér svo um að safna saman vörunum og selja þær aftur í gegnum sölusíður eins og Ebay.

Þessi nýja þjónusta er að mörgu leyti lengra komin en önnur álíka þjónusta og Stuffstr vonast til þess að hún breyti neytendahegðun með því að draga úr aðdráttarafli hraðtísku og fái fólk til að hugsa meira um verðgildi hlutanna. John Atcheson, stofnandi og framkvæmdastjóri Stuffstr, segir að hugmyndin sé að gefa fólki fjárhagslegan hvata til að kaupa hluti sem endast. Þannig vonast hann til að þjónustan gefi fólki tól til að hugsa og haga sér öðruvísi.


# Úthlutun lóða að Súluhöfða 32-57

**Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt úthlutunarskilmála og lágmarksverð hverrar lóðar**

- Lóðirnar eru allar ætlaðar fyrir einbýlishús samkvæmt gildandi skipulagi. Þær lóðir sem eru fyrir neðan götu liggja samkvæmt deiliskipulagi að sjó með óskert útsýni yfir voginn og flóann auk þess að vera í næsta nágrenni við útivistarsvæði og golfvöll.
- Einungis einstaklingum er heimilt að sækja um lóðirnar og heimilt er að gera tilboð í fleiri en eina lóð. Hver umsækjandi getur hinsvegar einungis fengið einni lóð úthlutað.
- Alls eru nú til úthlutunar 15 lóðir og verður hverri lóð úthlutað til þess aðila sem gerir hæst tilboð í viðkomandi lóð, enda uppfylli viðkomandi aðili öll fjárhagsleg skilyrði og geti sýnt fram á fjármögnun lóðar og byggingar einbýlishúss.
- Tilboðin í lóðir skulu berast Mosfellsbæ eigi síðar en 31. október 2019 og verða móttekin með rafrænum hætti.
- Allar nánari upplýsingar um úthlutun lóða að Súluhöfða 32-57 er að finna á slóðinni www.mos.is/suluhofdi og hjá Heiðari Erni Stefánssyni, lögmanni Mosfellsbæjar í síma 525 6700.

MOSFELLSBÆR



VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is


HAUST ÚTSALA
- 30% afsláttur
Af völdum vörum í verslun Curvy
í Hreyfilshúsinu og á www.curvy.is
Úlpa
8.393 kr
11.990 kr
Blússa
4.193 kr
5.990 kr
Jakki
10.493 kr
14.990 kr
Wide fit skór
9.793 kr
13.990 kr
Samfestingur
8.393 kr
11.990 kr
Toppur
3.213 kr
4.590 kr
Curvy
Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is


SMART FÖT, FYRIR SMART KONUR
My Style tískuhús
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



Við erum á Facebook
black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Boris Johnsson og Donald Trump þykja um margt líkir. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hárprúðir og valdamiklir

**Tíðrætt er um hárprýði Donalds Trump Bandaríkjaforseta og Boris Johnson forsætisráðherra Bretlands. Báðir skarta þunnu ljósu hár sem stendur oft út í allar áttir. Hvort það er meðvituð tískuyfirlýsing er óstaðfest.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Hárið á Trump hefur lengi verið á milli tannanna á fólki, enda þykir hann greiða sér á mjög sérstakan hátt. Hann er mögulega að reyna að fela skalla með þessari greiðslu sem er orðin nokkurs konar vörumerki fyrir hann. Eitt er víst að ef Donald Trump færi í klippingu þá yrði það saga til næsta bæjar og kannski er Trump meðvitað að bíða eftir rétta tækifærinu til að beina athyglinni þangað.

Boris Johnson tók við forsætisráðherraembættinu í Bretlandi eftir að Theresa May sagði af sér og lét af embætti í júní á þessu ári. Það vakti fljótt athygli hversu líkir þeir eru að mörgu leyti, þeir Johnson og Trump. Johnson virðist vera nákvæmlega sama um hvernig hárið á honum lítur út, enda er það oftar en ekki úfið eins og hann hafi nýstigið inn úr hvirfilbyl þegar hann kemur fram opinberlega. Hann virðist ekki leggja eins mikla áherslu og Trump á að greiða það á ákveðinn hátt. Þrátt fyrir það hafa komið upp umræður um líkindi með hárinu á þeim. Enda minnir greiðslan hans Trumps frekar á úfið hreiður en snyrtilega greitt hár.

Skrifaðar hafa verið blaðagreinar þar sem stílistar ræða hárið á þeim Trump og Johnson og gefa þeim ráð um hvernig þeir geta hugsað um hárið á sér svo það líti snyrtilegar út. Þá hafa stílistar í Hollywood kosið um hvor hefur verra hár og einn lét hafa eftir sér að af tvennu illu væri hárið á Boris Johnsson skárra, enda væri greiðsla Donalds Trumps ljótasta hárgreiðsla allra tíma.

Ljósgulleitt úfið hár með rauðum blæ virðist ekki vera líklegt til að ná langt í stjórnmálum á Íslandi, ekki enn þá að minnsta kosti. En skyldi einhver hárgreiðsla á stjórnmálamönnum vera líklegri en önnur til þess að koma þeim sem hana ber til valda? Það þarf ekki að velta því lengi fyrir sér áður en Davíð Oddsson og Dagur B. Eggertsson koma upp í hugann. Báðir hafa þeir gegnt embætti borgarstjóra í Reykjavík og báðir eru þeir, eða voru, með mikið dökkt og krullað hár. Það mætti því slá þeirri kenningu fram að vilji menn verða borgarstjórar í höfuðborg okkar Íslendinga sé ekki vitlaust að skella sér í permanent og dökkar strípur.



Frægasta hárgreiðsla í heimi. NORDICPHOTOS/GETTY



Davíð Oddson með mikið dökkt og krullað hár . FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Dagur B. Eggertsson með úfnar krullur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**NÝTT Í SÖLU**

# VINASTRÆTI 6-8

## URRIÐAHOLT - VISTVOTTAÐ HVERFI Í GARÐABÆ

ÞG Verk kynnir nýjar og glæsilegar fasteignir til sölu í Urriðaholti í Garðabæ. Vel staðsettar íbúðir með skóla og leikskóla í göngufæri ásamt því að vera með golfvöll og Heiðmörkina í næsta nágrenni. Byggingarnar eru efst á hæðinni og eru margar íbúðanna með frábært útsýni.



Íbúð 103 / 67,7 m² / 42.5 mkr.



Íbúð 204 / 86,9 m² / 49.9 mkr.



Sýningaríbúð er íbúð 204
í Vinastræti 2-4

- ✓ **Söluvefur - www.tgverk.is/urriðaholt**
- ✓ 31 glæsileg íbúð í lyftuhúsnæði
- ✓ Vel hannaðar 2 – 4 herbergja íbúðir frá 67 til 194 fm
- ✓ Bílastæði í samtengdum bílakjallara fylgir hverri íbúð
- ✓ Innbyggður ísskápur og uppþvottavél í öllum íbúðum
- ✓ Fullbúnar íbúðir með gólfefnum
- ✓ Húsið er með álklæðningu sem tryggir lágmarks viðhald

ÞG VERK
WWW.TGVERK.IS

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 2018

**OPIÐ HÚS: ALLA FIMMTUDAGA MILLI KL. 16:00-17:00**
**EINNIG SUNNUDAGINN 20.OKT FRÁ KL 13:00-15:00**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

**SKRÚÐGARÐYRKJA OG RÁÐGJÖF.**
Tek að mér haustklippingar, þrif á lóðum og alla almenna garðyrkju og tek einnig að mér ráðgjöf varðandi stærri breytingar.
**Hjörleifur Björnsson skrúðgarðyrkjufræðingur s:662-6625**

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF.**
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggilltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

TEXA



TEXA er ein öflugasta og fjölhæfasta bilanagreiningartölvan á markaðnum í dag.
Fyrir fólksbíla, vörubíla, vinnuvélar, mótorhjól, vélsleða og bátavélar.
Sjá nánar www.texa.com

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ.
Sími: 480 0000. www.aflvelar.is

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagitarar á tilboði Rafmagnsgitarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Starfskraftur óskast á Þrist BA36. Sæbjúgnaveiðar. Uppl.s: 841-0863 Jón



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar




Honda Civic Special Edition
Nýskráður 9/2019, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur, leðurinnrétting.
Tilboð kr. 3.590.000
Afborgun kr. 44.819 á mánuði.*




Honda CR-V Executive Hybrid
Nýskráður 7/2019, ekinn 3 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, „einn með öllu".
Tilboð kr. 6.290.000
Afborgun kr. 78.407 á mánuði.*




Honda CR-V Elegance
Nýskráður 6/2019, ekinn 2 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, vindskeið.
Tilboð kr. 4.990.000
Afborgun kr. 62.235 á mánuði.*




Honda CR-V Lifestyle
Nýskráður 9/2019, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, leðurinnrétting.
Tilboð kr. 5.690.000
Afborgun kr. 70.943 á mánuði.*




Honda Civic Sport Plus
Nýskráður 6/2019, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur opnanlegt glerþak, 183 hestöfl.
Tilboð kr. 3.750.000
Afborgun kr. 46.809 á mánuði.*

Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.




# 78 NÝJAR ÍBÚÐIR

## VIÐ KEILUGRANDA Í VESTURBÆNUM

Einstök staðsetning með fallegu útsýni til sjávar

## OPIÐ HÚS

Laugardaginn 19. okt.
milli kl. 13 og 14

**Sala búseturétta er hafin**

Umsóknarfrestur stendur til
miðvikudagsins 30. okt.
Úthlutun fer fram daginn eftir.





## Útborgun frá 2,3 millj.

**Miðað við búseturétt stúdíóíbúðar á kr. 4.600.000 með 50% láni.***




## Fjölbreyttar íbúðir að stærð og gerð fyrir alla aldurshópa

| Fjöldi Herb. | Búseturéttur verð frá: | Mánaðarlegt búsetugjald frá: |
|---|---|---|
| Stúdíó | kr. 4.600.000 | kr. 111.700 |
| 2ja herb. | kr. 6.700.000 | kr. 149.700 |
| 3ja herb. | kr. 8.500.000 | kr. 193.200 |
| 4ra herb. | kr. 10.500.000 | kr. 233.600 |
| 5 herb. | kr. 11.100.000 | kr. 245.000 |

**ÁVINNINGUR**

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

**VANDAÐUR FRÁGANGUR**

- Fullbúnar íbúðir með gólfefnum
- Vandaðar innréttingar
- Mjög gott aðgengi og hljóðvist
- Hjólaaðstaða til fyrirmyndar
- Bílastæði með möguleika á rafhleðslu

**INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI**

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

**50% FJÁRMÖGNUN***

Auglýst verð á búseturéttum miðast við staðgreiðslu. Í boði er allt að 50% fjármögnun á búseturéttinum frá Landsbankanum byggt á lánareglum bankans.

**WWW.BUSETI.IS** **S: 556 1000** **BUSETI@BUSETI.IS**

# AUGLÝSING UM SAMÞYKKT BÆJARSTJÓRNAR GARÐABÆJAR

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti þann 15.08.2019 eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust og hefur þeim verið svarað með umsögn sveitarstjórnar. Tillagan hefur öðlast gildi og var auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 14.10.2019 , nr. 889/2019. Í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/201 er niðurstaða bæjarstjórnar hér með auglýst.

**Deiliskipulag Ása og Grunda, breyting á Lyngás og Stórás.**
Deiliskipulagsbreytingin afmarkast af Lyngási til norðurs, Ásabraut til vesturs og suðurs og Stórási til austurs. Fyrir er á svæðinu athafna- og atvinnuhúsabyggð sem við breytinguna breytist í blandaða byggð með íbúðum og atvinnuhúsnæði. Breytingin er sett fram í nýju deiliskipulagi sem nær til svæðisins og með gildistöku þess eru felld út öll ákvæði sem gildandi deiliskipulag Ása og Grunda gerir ráð fyrir á viðkomandi svæði og sem koma fram í skilmálum og á uppdrætti.

Ákvarðanir sveitarstjórnar eru kæranlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Nánari upplýsingar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## Smiðjuvegur
200 Kópavogi






**Til leigu húsnæði á góðum stað við Smiðjuveg**

- Stærð 1100 fm
- Gott útisvæði
- Laust til afhendingar í febrúar 2020

Verð: **Tilboð**



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Kr. Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is **sími:** 775 1515

**MIKLABORG** **569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

## BÁRUGRANDI 7
107 Reykjavík





**Falleg og vel skipulögð íbúð á jarðhæð við Bárugranda 7**

- Húsið er mikið endurnýjað að utan
- Stærð 71,3 fm
- 3ja herbergja
- Útgengt á góða viðarverönd
- Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla, alla helstu þjónustu og iðandi mannlíf miðbæjarins

Verð: **43,9 millj.**



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson,** lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is **sími:** 899 5856

**MIKLABORG** **569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta
Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**LED leiðiskrossar**



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

**Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is**

EYJALIND

**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**



Göngubraut
**55.000,-**
Mikið úrval
PREKTÆKI
Bíldshöfða 16, sími 661-1902

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

*Snyrti & Nuddstofan Smart*
*Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ*

- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- Tilboð 9.500.-
- **Meðferð tekur 60 mín**



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

**job** *Finnum draumastarfið saman*

# Hafnarfjarðarbær borgar malbikið og viðgerðir

**AKSTURSÍÞRÓTTIR** Stjórn Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðarbæjar, AÍH, hefur óskað eftir aðkomu bæjarins til að greiða útistandandi skuld við Hlaðbæ Colas vegna malbiksviðgerða á akstursbraut félagsins við Krýsuvíkurveg. Íþrótta- og tómstundanefnd bæjarins tók jákvætt í erindið og hvetur umhverfis- og framkvæmdaráð til að taka þátt í kostnaði eins og hægt er til að styðja við jaðaríþróttir.

AÍH er eina akstursíþróttafélagið á landinu sem starfrækir íþróttastarf fyrir börn og unglinga og hafa um 14 unglingar nýtt sér starfið á ári hverju. Í bréfi frá félaginu til bæjarins í mars í fyrra segir að félagið hafi verið út undan í fjárhagsaðstoð Hafnarfjarðarbæjar frá upphafi en akstursíþróttir hafa verið stundaðar á svæði félagsins frá árinu 2002. Félagið tiltekur eitt atvik til að undirstrika alvarleika ástandsins. „Síðastliðið sumar varð áhorfandi á viðburði félagsins fyrir því óhappi að hluti af malbiki brotnaði upp og fleygðist til með þeim afleiðingum að hann hafnaði í handlegg mannsins sem marðist mikið, ekki viljum við til þess hugsa hverjar afleiðingarnar hefðu verið ef malbiksbúturinn hefði hafnað í börnum sem stóðu álengdar.“

» Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðarbæjar skuldar enn Hlaðbæ Colas fyrir viðgerðir á brautinni í Krýsuvík.

Myndir sem sýna ástandið sýna að svæðið er að drabbast niður og löngu kominn tími á allsherjar viðhald. Þá er aðstöðu áhorfenda verulega ábótavant og þær girðingar sem eru til staðar eru bæði mjög gamlar og í lélegu ásigkomulagi auk þess sem girðingar vantar á stórum hluta svæðisins. „Í raun mætti segja að þær séu stórhættulegar þar sem vírar geta rekist í áhorfendur og duga einnig mjög illa til þess að halda aftur af áhorfendum og þá sérstaklega börnum,“ segir í bréfi félagsins til bæjaryfirvalda. – bb



Ármannstúlkur á æfingu.

# Ármann vill í nýja Vogabyggð

**FRAMKVÆMDIR** Glímufélagið Ármann hefur óskað formlega eftir viðræðum um nýtt íþróttasvæði sem myndast með nýrri íbúðabyggð í Vogabyggð. Félagið hefur sent menningar-, íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur bréf þess efnis. Í Vogabyggð er gert ráð fyrir skólum, leikskólum og íþróttamannvirkjum sem tilheyra nýrri byggð. Ármann telur að hægt sé að leysa aðstöðumál félagsins að nokkru leyti með aðgangi að íþróttamannvirkjunum.

„Það liggur beinast við að Ármann sæki í Vogabyggðina því Víkingur er nýtekinn við Framsvæðinu og stækkar þar með sitt svæði mikið og eykur einnig við mannvirkin hjá sér. Þróttur er á lokametrunum að fá nýtt og stórt íþróttamannvirki í Laugardalnum og hefur ekki sýnt áhuga á að færa svæði sitt, sbr. umræðuna um Framsvæðið,“ segir í bréfinu.

Glímufélagið Ármann er að mestu einstaklingsgreinafélag og telur að það geti boðið upp á fleiri möguleika fyrir börn og unglinga í íþróttastarfi á svæðinu. Handknattleik og knattspyrnu geta iðkendur sótt í Víking eða Þrótt. Þá mætti leysa brýnt aðstöðuleysi körfuknattleiksdeildar Ármanns með því að nýta íþróttasal nýs húss í Vogabyggð fyrir körfuknattleiksæfingar. – bb



Vestri mun leika í Inkasso deildinni.
MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

# Deilt um nýtt hús á Torfnesi

**FÓTBOLTI** Meirihluti nefndar um fjölnota knattspyrnuhús á Torfnesi leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðar að verkið verði boðið út í samræmi við fyrirliggjandi útboðsgögn. Ekki eru þó allir sáttir því í bókun Sigurðar Jóns Hreinssonar segir að hann geti engan veginn tekið undir þá niðurstöðu. „Að mati undirritaðs hefur nefndin m.a. ekki sinnt því hlutverki sínu að gera úttekt á staðarvali, skipulagi í kringum áætlaðan byggingarstað og áfangaskiptingu framkvæmda,“ segir í bókuninni.

Hann tekur nokkur dæmi um það sem betur mætti fara. „Ekki hefur verið svarað þeirri spurningu, hvort starfsmaður þurfi að vera í húsinu eða ekki. Allar forsendur fyrir staðarvali því sem deiliskipulag byggir á, hafa reynst rangar. Þessi áform um uppbyggingu á Torfnesi eru byggð á afar takmarkaðri umfjöllun og byggja í stórum atriðum á röngum gögnum, rökleysu, þversögnum, hringrökum og jafnvel blekkingum. Áformin um byggingu fótboltahúss eru ábyrgðarlaus út frá fjárhag bæjarins, kalla á umtalsverða hækkun á skuldum bæjarsjóðs og auka rekstrarkostnað bæjarins um tugi milljóna árlega.“

Sigurður ætlar að skila eigin skýrslu um málið. – bb





✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ísak J. Guðmann**
Holtateigi 16, Akureyri,

andaðist þriðjudaginn 15. október í faðmi fjölskyldunnar.

**Auður Þórhallsdóttir**
**Guðlaug Ísaksdóttir** **Gunnlaugur Frímannsson**
**Kári Í. Guðmann** **Hrafnhildur Stefánsdóttir**
**Jón Í. Guðmann** **Arna Þöll Arnfinnsdóttir**
**Anna María Guðmann** **Adam Traustason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, sonur okkar, bróðir, faðir og afi,

**Helgi Kristjánsson**
aðstoðarskólameistari,
Bergstaðastræti 71, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 10. október 2019. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 18. október nk. kl. 11.00.

**Selma Ósk Kristiansen**
**Baldur Helgason** **Patty Spyrakos**
**Bryndís Helgadóttir** **Anton Máni Svansson**
**Jóhanna Bryndís Helgadóttir** **Kristján Óli Andrésson**
**Sylvía, Hildur, Steingerður og Andrés Kristjánsbörn og afabörnin öll.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Arnfríður Eygló ( Didda) Indriðadóttir**
til heimilis að Lækjargötu 30, Hafnarfirði,

lést á deild L4 Landakoti þriðjudaginn 8. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar L4 Landakoti fyrir alúð, hlýhug og góða umönnun í veikindum hennar.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ásdís Reynisdóttir** **Albert Einarsson**
**Heiða Björk Reynisdóttir** **Snæbjörn Rafnsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Halldóra Kristín Magnúsdóttir**
skólastjóri,

lést fimmtudaginn 10. október á krabbameinsdeild Landspítalans.
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 18. október klukkan 13.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**Unnar Þór Böðvarsson**
**Berglind Hákonardóttir** **Einar Viðar Viðarsson**
**Kristrún Hákonardóttir** **Jökull Másson**
**Böðvar Þór Unnarsson**
**Guðrún Unnarsdóttir**
**Jónas Unnarsson** **Sólveig Jónsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Elsku móðir okkar og tengdamóðir,

**Dóróthea Jónsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 6. október.
Útförin fer fram föstudaginn 18. október kl. 11 frá Fossvogskirkju.

**Guðlaug Kjartansdóttir** **Fjölnir Ásbjörnsson**
**Gunnar Kjartansson** **Asia Lanoszka**
**Sólborg Hreiðarsdóttir**
**Guðrún Þ. Kjartansdóttir** **Úlfar Snær Arnarson**

# Fékk svakalegan kraft

**Tónmál hjartans er yfirskrift undirleikslausra söngtónleika í Hafnarborg í Hafnarfirði í kvöld. Þar flytur Barbörukórinn glæný verk eftir söngkonuna Auði Guðjohnsen.**

Tónlistin er öll skrifuð fyrir söng án undirleiks í blönduðum kór. Hún er úr hinum og þessum áttum, trúarleg, rómantísk, barnvæn og poppuð,“ segir Auður Guðjohnsen um efni söngtónleika Barbörukórsins sem hefjast klukkan 20 í Hafnarborg í Hafnarfirði í kvöld. Hún er höfundur verkanna sem öll eru ný af nálinni fyrir utan eitt sem hljómaði á síðustu vortónleikum kórsins. „Það er vissulega sjaldgæft að svona mikill frumflutningur eigi sér stað á einum tónleikum en stjórnandi og stofnandi Barbörukórsins, Guðmundur Sigurðsson organisti í Hafnarfjarðarkirkju, var bara svo jákvæður og spenntur fyrir þessum lögum enda er hann einstaklega opinn og óhræddur við að fara ótroðnar slóðir. Tónmálið er líka aðgengilegt og ætti að höfða til breiðs hóps hlustenda,“ tekur Auður fram.

## Ferill Auðar

Auður lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 2001, framhaldsnámi í söng frá Royal Conservatoire of Scotland í Glasgow 2003, LRSM-söngkennaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 2005 og M.Ed. í listkennslu frá LHÍ 2017. Hún er félagi í Barbörukórnum og Schola cantorum og stofnaði sönghópinn Elfi fyrir nokkrum árum ásamt starfssystrum. Einnig hefur hún komið fram sem einsöngvari á fjölda tónleika hér heima og erlendis.

Hún hefur unnið að þessari tónlist í um tvö ár, að eigin sögn. „Allt byrjaði eiginlega með lokaverkefni mínu í Listaháskólanum árið 2017, þar sem ég lagði stund á listkennslu. Í framhaldinu hóf ég að semja barnalög og það varð upphaf þess að ég fór að semja fyrir raddir af alvöru. Reyndar gerði ég mikið af því þegar ég var unglingur, lokaði mig þá af með kasettutæki, stundum fleiri en eitt, og samdi en svo tók ég langa pásu og var upptekin af því að syngja og mennta mig.“

Auður kveðst hafa sungið mikið í kórum. „Ég hef haft mikla ástríðu fyrir samspili radda og eftir listkennslunámið fékk ég svakalegan kraft, þannig að áður en ég vissi af voru komin sextán verk.“

Tvö laganna sem flutt verða á tónleikunum eru úr barnabókinni Tónlistin er þín sem Auður gaf út í vor, þá opnaði hún líka heimasíðuna tonafondur.com. „Ég er alltaf að syngja og kenna Krúttakórnum og Tónalandsbörnum.“

Sefur hún aldrei?

„Jú, jú, en það kemur fyrir að ég vakna á nóttunni og fæ einhverjar hugmyndir, skýst inn í þvottahús með símann til að vekja ekki heimilisfólkið og tek eitthvað upp!“ **gun@frettabladid.is**



**„Ég hef haft mikla ástríðu fyrir samspili radda og eftir listkennslunámið fékk ég einhvern svakalegan kraft, þannig að áður en ég vissi af voru komin sextán verk.“**
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Barbörukórinn syngur ávallt undirleikslaust og þannig verður það í kvöld.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sævar Hafnfjörð Jónatansson**
Hraunvangi 1, Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 8. október.
Útför hans fer fram þriðjudaginn 22. október frá Hafnarfjarðarkirkju klukkan 13.00.

**Hólmfríður Bjarnadóttir**
**Margrét Theodóra Sævarsdóttir** **Espen Hårstad**
**Jónatan Sævarsson** **Anja Gabriele Neske**
**Hjördís Sævarsdóttir** **Óli Nikulás Sigmarsson**
**Bjarni Sævarsson**
**og barnabörn.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**
Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

ht.is

Whirlpool

# DAGAR



**17.-27.**
OKTÓBER

## 20-40% AFSLÁTTUR AF WHIRLPOOL HEIMILISTÆKJUM

ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · KÆLISKÁPAR · HÁFAR · HELLUBORÐ
UPPÞVOTTAVÉLAR · BAKARAOFNAR · FRYSTIKISTUR · ÖRBYLGJUOFNAR

**Heimilistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 1 |
| Ísafjörður | 2 | 8 |
| Akureyri | 4 | 2 |
| Egilsstaðir | 4 | 9 |
| Kirkjubæjarkl | 7 | 4 |
| Hveravellir | 0 | 11 |

Austan 8-15 m/s, en 15-23 suðaustan til á landinu. Yfirleitt skýjað og úrkomulítið, en dálítil rigning suðaustanlands. Hiti 5 til 12 stig, hlýjast á Suðurlandi. Norðaustan 8-15 á morgun og víða bjart veður, en dálitlar skúrir eða slydduél á norðaustanverðu landinu. Hiti 1 til 8 stig, hlýjast syðst.

## Föstudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 3 |
| Ísafjörður | 1 | 4 |
| Akureyri | 2 | 3 |
| Egilsstaðir | 4 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 4 | 3 |
| Hveravellir | -2 | 5 |

## Laugardagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 3 |
| Ísafjörður | 2 | 2 |
| Akureyri | 1 | 1 |
| Egilsstaðir | 2 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 0 |
| Hveravellir | 1 | 4 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | 5 | | 6 | 7 |
| 9 | 3 | | | 6 | | 4 | | 1 |
| 5 | | 6 | | | | 2 | 8 | |
| | 2 | 5 | | | | | | 3 |
| 7 | 4 | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | | 2 | | | 4 |
| | | 3 | 6 | | 1 | 8 | | |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | |
| | | | 8 | 5 | | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | | 7 | 2 | 9 | | |
| | 3 | | | | 4 | 2 | 1 | |
| | | | | 6 | | 5 | | |
| | 1 | | 4 | 2 | | | | |
| | | 8 | 6 | | | | | |
| | 2 | | 1 | | 9 | | 3 | 8 |
| | | 6 | | | 3 | | | 7 |
| 9 | 5 | | | | | | 4 | 2 |
| 1 | | | | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | 7 | | | | |
| | 3 | | 2 | | 9 | 1 | | |
| | | 4 | 5 | | | | 6 | |
| | 1 | | | | | 7 | | 6 |
| 2 | 5 | 7 | | | | 4 | | |
| | | | | | | 5 | 3 | |
| | | | 1 | 2 | 6 | | | 8 |
| | | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 duglegur
5 orðaskak
6 tveir eins
8 skönnun
10 tveir eins
11 lífsandi
12 fíkniefni
13 strengur
15 samþætta
17 ríki í Afríku

**LÓÐRÉTT**
1 augnabliks
2 viðartegund
3 tuddi
4 gjalda
7 mótbárur
9 fugl
12 málmur
14 herma
16 ætíð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 ötull, 5 rex, 6 aa, 8 skimun, 10 kk, 11 önd, 12 gras, 13 taug, 15 splæsa, 17 alsír.
**LÓÐRÉTT:** 1 örskots, 2 tekk, 3 uxi, 4 launa, 7 andsvar, 9 mörgæs, 12 gull, 14 apa, 16 si.

## Skák Gunnar Björnsson

Kikovic átti leik gegn Forintos í Búdapest árið 1957

**1. Hxc8+! Hxc8 2. d7! Kxd7 3. Bg4+ Kd8 4. Bxc8 1-0.**

Wang Hao og Fabiano Caruana eru efstir og jafnir á mótinu í Mön. Magnús Carlsen er meðal þeirra sem eru í 3.-9. sæti.

**www.skak.is:** Skákhátíð á Selfossi.

**hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 1 | 2 | 8 | 4 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 7 | 6 | 4 | 5 | 9 | 3 |
| 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 7 | 5 | 6 | 2 | 4 | 8 | 3 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 1 | 5 | 2 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 5 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 4 | 1 | 3 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 |
| 3 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 5 | 4 | 2 | 7 | 6 |
| 4 | 2 | 6 | 9 | 8 | 7 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 8 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# 4. DESEMBER 2019
# JÓLAHÁTÍÐ FATLAÐRA

Miðvikudaginn 4. des. verður Jólahátíð fatlaðra haldin í 37. sinn á Hilton Reykjavík Nordica kl. 19:30

Hljómsveitin Toppmenn sér um undirleik.
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts undir stjórn Snorra Heimissonar leikur létt lög frá 18:45

Jóhannes Guðjónsson píanóleikari leikur í anddyri

HÚSIÐ VERÐUR OPNAÐ KLUKKAN 18:30 OG DAGSKRÁ LÝKUR UM KLUKKAN 21:30




Kynnar: Sigmundur Ernir og Með okkar augum
Hljóðstjórn: Jón Skuggi Sviðsstjóri: Friðgeir Bergsteinsson
Pantið tímanlega hjá Ferðaþjónustu fatlaðra
Að venju eru aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki

# 30 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ NETTÓ

**Kjúklingabringur**
1.687 KR/KG
ÁÐUR: 2.249 KR/KG
-25%
AFMÆLIS-TILBOÐ!





-20%
**Lambalæri**
1.198 KR/KG
ÁÐUR: 1.498 KR/KG



-34%
**Grísabógur**
593 KR/KG
ÁÐUR: 898 KR/KG



-31%
**Lambalæri**
Léttreykt
1.586 KR/KG
ÁÐUR: 2.298 KR/KG

AFMÆLIS-TILBOÐ!



-65%
**Heilhveitibrauð**
178 KR/PK
ÁÐUR: 509 KR/PK

ÓDÝRT!



**Heill kalkúnn**
1.258 KR/KG



-40%
**Freyju hríspoki**
120 gr
269 KR/PK
ÁÐUR: 449 KR/PK



-30%
**Toscanabrauð**
550 gr
279 KR/STK
ÁÐUR: 399 KR/STK




-14%
**Alpenhain Camembert**
300 gr
599 KR/PK
ÁÐUR: 699 KR/PK

**Klementínur**
230 KR/KG
ÁÐUR: 459 KR/KG



-50%




nettó
Lægra verð - léttari innkaup



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 17. - 20. október**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. könnun Fréttablaðsins

# BÍLAR




Sigurverarinn í flokki rafsportjeppa og jafnframt Bíll ársins 2020 að mati Bandalags íslenskra bílablaðamanna er Jaguar I-Pace. MYND/ HARALDUR GUÐJÓNSSON THORS

# Rafmagnið sigrar!

## Jagúar I-Pace var valinn bíll ársins á Íslandi 2020. Þrír rafbílar voru í efstu sætunum og allir í flokki dýrari sportjeppa

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Í gær var tilkynnt um val á Bíl ársins 2020 á Íslandi í húsakynnum Blaðamannafélagsins. Þar kom, sá og sigraði Jaguar I-Pace líkt og svo víða annars staðar. Sigurinn var þó naumari en oft áður en aðeins munaði 26 stigum á fyrstu tveimur sætunum. Jaguar I-Pace hlaut alls 775 stig en bíllinn í öðru sæti, Audi e-Tron, fékk 754 stig en hann keppti í sama flokki og I-Pace. Þriðji í röðinni var einnig bíll í flokki rafsportjeppa, en það var hinn nýi Mercedes-Benz EQC, en hann fékk 714 stig. Bílarnir í ár voru í upphafi 28 en var fækkað niður í 18 í forvali. Bílarnir voru svo bornir saman með prófunum í síðustu viku, bæði í Hvalfirði og í Bláfjöllum.

### Fyrsta sinn sem keppt er í flokki rafbíla

Litlu munaði einnig í öðrum flokkum í valinu og hvergi minna en í flokki rafbíla. Þar var það borgarbíllinn Kia e-Soul sem hafði sigurinn, en aðeins tíu stigum á undan Hyundai Kona EV, en þessir tveir bílar eru reyndar náskyldir og byggðir á sama undirvagni og með sömu rafhlöðu. Litlu munaði líka á Toyota Corolla og Mazda 3 í flokki smærri fjölskyldubíla þar sem sá fyrrnefndi sigraði með 12 stiga mun. Þetta er í sautjánda skiptið sem Bíll ársins á Íslandi er valinn, en það hefur verið tilkynnt á hverju ári síðan 2001 ef frá eru talin tvö ár skömmu eftir efnahagshrunið. Þar sem valið hér á landi fer fram seint á árinu er það látið bera ártal næsta árs og fær viðkomandi umboð Stálstýrið svokallaða til geymslu í eitt ár.



Í flokki stærri fjölskyldubíla vann Peugeot 508 nokkuð örugglega með 710 stig sem einnig dugði honum í fjórða sæti yfir heildina. FRÉTTABLAÐIÐ/NJÁLL



Karl Óskarsson veitir Stálstýrinu viðtöku fyrir Bíl ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sigurvegari í flokki smærri fjölskyldubíla var hinn vinsæli Toyota Corolla en Corolla vann Bíl ársins 2003.



Í fyrsta sinn var keppt í rafbílaflokki og þar var það Kia e-Soul sem marði sigurinn á undan systurbíl sínum Hyundai Kona EV.




Talsverður munur var á stigum í jeppaflokki enda bílarnir ólíkir en heildarsigurverarinn var SsangYong Rexton með 604 stig.



Toyota RAV4 hafði afgerandi sigur í flokki jepplinga með 692 stig.

## Bílar ársins

| |
|---|
| 2002 Mercedes-Benz C-lína |
| 2003 Toyota Corolla |
| 2004 Honda Accord |
| 2005 Volvo S40 |
| 2006 Suzuki Swift |
| 2007 Lexus IS250 |
| 2008 Land Rover Freelander |
| 2009 VW Tiguan |
| 2012 VW Passat EcoFuel |
| 2013 Mercedes-Benz A-lína |
| 2014 Skoda Octavia |
| 2015 Peugeot 308 |
| 2016 Volvo XC90 |
| 2017 Renault Talisman |
| 2018 Peugeot 3008 |
| 2019 Volvo V60 |
| **2020 Jaguar I-Pace** |

| **Smærri fjölskyldubílar:** | |
|---|---|
| Toyota Corolla | 659 |
| Mazda 3 | 647 |
| VW T-Cross | 538 |

| **Stærri fjölskyldubílar:** | |
|---|---|
| Peugeot 508 | 710 |
| Mercedes-Benz B-lína | 673 |
| Toyota Camry | 662 |

| **Jepplingar:** | |
|---|---|
| Toyota RAV4 | 692 |
| Mazda CX-30 | 655 |
| Honda CRV | 609 |

| **Jeppar:** | |
|---|---|
| SsangYong Rexton | 604 |
| Jeep Wrangler | 527 |
| Suzuki Jimny | 462 |

| **Rafbílar:** | |
|---|---|
| Kia e-Soul | 681 |
| Hyunda Kona EV | 671 |
| Opel Ampera | 640 |

| **Rafsportjeppar:** | |
|---|---|
| Jaguar I-Pace | 775 |
| Audi e-Tron | 754 |
| Mercedes Benz EQC | 714 |

# AFMÆLISHÁTÍÐ ÚTILÍFS

Fjöldi frábærra tilboða á **45 ára afmæli** Útilífs

**30%**
**AFSLÁTTUR**
í **SKÍÐADEILD*** og af **ENDURANCE** Sportfatnaði

**20%**
**AFSLÁTTUR**
af **gönguskóm** og **hlaupaskóm**

Dagana
17. - 21.
október




**ÚTILÍF**
*síðan 1974*

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*30% afsláttur af skíðum, brettum, skóm, gleraugum, hjálmum, stöfum og skíða - og skópokum. Skíðadeildin er í Smáralind. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ÁRNASYNIR

# Maður týnir ekki börnunum sínum

**Fiðlusnillingurinn Joshua Bell kemur fram á tónleikum í Hörpu á sunnudag ásamt píanóleikaranum Alessio Bax. Leikur á Stradivarius-fiðlu sem er mikill dýrgripur. Segir frábært að leika í Hörpu.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Joshua Bell, einn fremsti fiðluleikari samtímans, kemur fram á tónleikum í Hörpu næstkomandi sunnudagskvöld, 20. október, ásamt hinum þekkta píanóleikara Alessio Bax.

Ferill Joshua Bell sem einleikari, kammertónlistarmaður og stjórnandi nær yfir meira en þrjátíu ár. Frá árinu 2011 hefur hann starfað sem tónlistarstjóri hjá bresku kammerhljómsveitinni Academy of St. Martin in the Fields. Hann kom hingað til lands með hljómsveitinni fyrir tveimur árum á tónleika í Hörpu sem hlutu frábærar viðtökur áheyrenda og gagnrýnenda.

### Ætlaði að verða leynilögga

Blaðamaður náði tali af Bell, sem þá var staddur í Sviss. Þessi frægi fiðlusnillingur, sem ólst upp í Bandaríkjunum, er fyrst spurður hvort hann hafi verið áberandi músíkalskt barn.

„Ég ólst upp í tónlistarfjölskyldu, þar voru ekki atvinnutónlistarmenn en allir léku samt á hljóðfæri þannig að það lá beint við að ég gerði það einnig. Þriggja ára gamall fór ég að safna alls kyns teygjum sem ég strengdi hér og þar og sló tóna. Foreldrar mínir settu mig því snemma í fiðlunám og fyrir það er ég þakklátur,“ segir hann.

Tónlistin átti samt ekki hug hans allan á barnsárunum því hann var tíu ára gamall orðinn kappsfullur tennisleikari og áhugasamur um tennis og hafnabolta og reyndar allar íþróttir. Sjö ára gamall kom hann fram með hljómsveit og fór í kjölfar þess í fyrsta útvarpsviðtal sitt. „Þar var ég spurður hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór. Ég svaraði: Leynilögreglumaður eða vísindamaður. Ég var ekki með hugann við það að gera tónlist að atvinnu minni. Tólf ára gamall lærði ég hjá Josef Gingold, sem var mjög frægur og virtur kennari, og það var ekki síst vegna áhrifa frá honum að ég ákvað að leggja tónlistina fyrir mig.“

### Eins og að eiga barn

Spurður hvort hann hafi aldrei verið með sviðsótta þegar hann kom fram sem barn og unglingur segir hann. „Ég var afskaplega feimið barn en feimnin fór af mér þegar ég spilaði. Mér fannst gaman að spila og fannst gott að vera fyrir framan áheyrendur. Á fullorðinsárum varð ég taugaóstyrkari en mér líður samt alltaf vel á sviði. Þetta er frábært starf.“

Bell leikur á Stradivarius-fiðlu frá árinu 1713, en hún er mikill dýrgripur og metin á of fjár. Spurður hvernig hann hafi eignast hana segir hann: „Ég lagði mikið á mig til að eignast hana. Sem ungur maður fjárfesti ég skynsamlega. Nítján ára gamall eignaðist ég fyrstu Stradivarius-fiðluna mína og þótt hún væri ekki í dýrari kantinum var hún samt mjög dýr. Fimm árum seinna skipti ég henni út fyrir aðra Stradivarius-fiðlu. Árið 2001 eignaðist ég þessa fiðlu, sem var mjög góð fjárfesting. Ef ég vildi kaupa hana í dag þá hefði ég ekki efni á því. Ég er einn af fáum hljóðfæraleikurum sem á eigið hljóðfæri í svo háum gæðaflokki. Ég tel mig mjög lánsaman.“

Spurður hvort hann óttist að týna henni eða að henni verði stolið segir hann: „Þetta er eins og að eiga barn. Maður týnir ekki börnunum sínum og vill alls ekki skaða þau. Fiðlan verður alltaf að vera hjá mér eða í geymslu á öruggum stað.“



Ég tel mig mjög lánsaman, segir Joshua Bell sem leikur á afar dýrmæta Stradivarius-fiðlu. MYND/LISA MARIE MAZZUCCO

### Tveir matgæðingar

Bell og píanóleikarinn Alessio Bax munu á tónleikunum leika verk fyrir fiðlu og píanó, meðal annars eftir Schubert og Bach. „Við höfum oft leikið saman. Hann er frábær vinur og góður náungi. Konan hans, Lucille Chung, er dásamlega góður píanóleikari og hún kemur með honum. Hann hefur þegar pantað borð á veitingastað fyrir okkur. Við erum báðir miklir matgæðingar og það er gaman að ferðast með honum því hann er fundvís á bestu veitingastaðina.“

**VIÐ VORUM ÖLL SAMMÁLA UM AÐ HARPA VÆRI UPPÁHALDSTÓNLEIKASALURINN OKKAR Á ÞESSU FERÐALAGI.**

Bell kom fyrst hingað til lands árið 1988 og segir ferð sína að þessu sinni vera sína sjöttu til landsins. Hann á góðar minningar frá tónleikum hljómsveitar sinnar í Hörpu fyrir tveimur árum. „Mér fannst frábært að leika í Hörpu og ég segi þetta ekki af því að ég er að koma þangað aftur. Þetta voru síðustu tónleikarnir á tónleikaferð hljómsveitarinnar og við lékum í stærstu tónleikasölum Evrópu. Við vorum öll sammála um að Harpa væri uppáhaldstónleikasalurinn okkar á þessu ferðalagi. Við vorum mjög ánægð með hljómburðinn, salurinn er fallegur og stærðin hæfileg og maður nær góðri tengingu við áheyrendur. Ég hlakka til að koma aftur.“

# Rödd samviskunnar

**BÆKUR**

**Velkomin**
★★★☆☆
**Bubbi Morthens**

**Útgefandi:** Mál og menning/ Forlagið
**Blaðsíður:** 71




Bubbi Morthens (f. 1956) er listamaður með sterka rödd í margvíslegum skilningi. Maður með erindi. Rödd hans er krefjandi, áleitin, ástríðufull, hrjúf en hlý. Samviskurödd.

Áratugum saman höfum við hlýtt á lögin hans, sungið textana og fundið í þeim hjartsláttinn í takt við okkar eigin, hvort sem er í gleði eða angri. Fyrir fjórum árum bætti hann enn um betur þegar hann, mörgum að óvörum, kom fram sem fullskapað ljóðskáld með fyrstu ljóðabók sína Hreistur. Ári síðar bætti hann við bókinni Öskraðu gat á myrkrið og í fyrra kom út ljóðabókin Rof. Allt áleitnar, myndrænar og vel gerðar ljóðabækur sem hlotið hafa verðskuldaða athygli.

Að þessu sinni kveður Bubbi sér hljóðs með ljóðabókinni Velkomin, sem segja má að sé óður til flóttamannsins og ákall um mennsku. Bubbi hefur sýnt í sínum fyrri verkum að hann getur tekist á við erfið og sár umfjöllunarefni af hreinskilni og einurð. Hann hlífir hvorki sjálfum sér né lesandanum heldur opnar hann sárin þannig að loftað geti um þau og tjáir sig með sama hætti og hann syngur, af þrótti og knýjandi þörf. Nú er það vandi landflótta fólks og viðbrögð heimsins við harmi þess sem knýr hann til þess að yrkja.

Bókin Velkomin heitir eftir samnefndu lagi sem Bubbi gaf út fyrr á árinu og fjallar um sama efni. Um lagið sagði hann á sínum tíma að það ætti við um „alla flóttamenn heimsins, öll börn heimsins og alla þá sem eiga ekki heimili og eru á vergangi“. Af bókinni er augljóst að Bubbi á sem sagt samviskuerindi við lesendur.

*í dimmri sprungu er vatnið*
*tært og kyrrt*
*á botninum liggur samviska*
*þjóðar*
*sem neitar að vakna*

Um leið og þessi ljóðabók er ákall um kærleika og umhyggju fyrir hverjum þeim sem þarfnast skjóls, er hún ádeila á deyfð og skeytingarleysi um örlög þeirra tugþúsunda sem leitað hafa ásjár undan stríðsátökum og eymd. Þetta er einna skýrast í fyrsta ljóði bókarinnar þar sem segir:

*óhreinu börnin hennar evu*
*koma til þín*
*í leit að vatni*
*í leit að skjóli*
*í leit að kærleika*
*í leit að samúð*
*í leit að landi*
*í leit að guði*
*í leit að faðmlagi og mjúkum*
*beð*
*í leit að réttri skóstærð fyrir*
*sálina*
*þúsundir í tjöldum fyrir utan*
*borgargirðingar*
*samviskan dregur mörkin*
*við leifsstöð*

Bubbi hefur sýnt og sannað í sínum fyrri bókum að ljóðmálið er honum nærtæk tjáningarleið. Hér er brugðið upp skýrum og táknrænum myndum. Við og við grípur hann í tilvísanir til bókmenntahefðar okkar og kallast þá á við þjóðskáldin til þess að skerpa á ádeilunni og stinga á þjóðernislegri sjálfsupphafningu:

*fordómafullir jöklanna tindar*
*himinninn þungur og grár*
*hafið var úfið og kalt*

Það er þakkarvert að finna svo knýjandi ákall hjá skáldi, að heyra vekjandi rödd sem talar beint inn í sálartetrið og leyfir lesandanum ekki að líta undan. Skáldskapur með erindi má vera hrjúfur, jafnvel hnökróttur, svo framarlega sem hann er sannur og yfirlætislaus. Það er þessi bók.

**Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áleitin ljóðabók sem talar beint inn í samtímann.


HREKKJAVÖKUPARTÝIÐ
byrjar hjá okkur í Partýbúðinni Skeifunni
- Hrrrryyyyllilegar vörur á báðum hæðum. Þorir þú að kíkja ?
KVÖLDOPNUN
fim, föst og laug
báðar hrekkjavökuhelgarnar
Opnunartímar:
Opið til kl 21 fim, fös og lau
báðar hrekkjavökuhelgarnar!
Fim 24. - lau 26. okt: 10-21
Sun 27. okt: 10-17
Mán 28. okt - mið 30. okt: 10-18
Fim 31. okt - lau 2. nóv: 10-21
Sun 3. nóv: 10-17
Þurrís til sölu báðar hrekkjavökuhelgarnar
meðan birgðir endast!
ÞURRÍS
í frauðkassa
1,5kg: 1.785kr
3,0kg: 3.570kr
notist samdægurs!
AMERICA 1ST
PARTÝBÚÐIN
Vöruúrvalið er á facebook
Faxafeni 11 • Sími 534 0534
Sendum á landsbyggðina



Robert Pattinson virðist loksins vera að takast að hrista af sér blóðsugu-ljómann og leikur nú í hverri snilldarmyndinni á fætur annarri.

# Upprisa Roberts Pattinson

Leikaranum Robert Pattinsson virðist loksins vera að takast að hrista af sér blóðsuguljómann og Twilight-glimmerið sem hefur loðað við hann síðan hann vakti fyrst verulega athygli í unglingavampírudramanu sem setti allt á annan endann með nokkrum myndum fyrir áratug.

Twilight-myndirnar voru gerðar eftir bókum Stephanie Meyer um dauðlegu stúlkuna Bellu Swan og blóðsuguna eilífu Edward Cullen sem hún asnaðist til þess að verða ástfangin af.

Pattinson og Kristen Stewart léku kærustuparið, blóðheita og blóðlausa, en hafa bæði átt í nokkru basli með að höndla frægðina og vinsældirnar. Pattinson fékk skiljanlega nóg af athyglinni sem fylgdi í kjölfar þessara geysivinsælu mynda en honum var fylgt hvert fótmál á sínum tíma.

Eftir nokkur erfið átakaár er Pattinson kominn aftur með látum og leikur nú í hverri snilldarmyndinni á fætur annarri. Tvær kvikmyndir sem skörtuðu leikaranum voru sýndar á RIFF á dögunum: hryllingsmyndin The Lighthouse þar sem hann leikur á móti Willem Dafoe, og myndin High Life eftir Claire Denis sem var einmitt einn heiðursgesta hátíðarinnar í Reykjavík.



Christian Bale fór eftirminnilega með hlutverk Leðurblökumannsins í Dark Knight-þríleiknum.

Nýlega var síðan upplýst að Pattinson hefði verið ráðinn í hlutverk Leðurblökumannsins í nýjum myndum um ofurhetjuna svartklæddu. Jonah Hill er einnig orðaður við myndina en talið er að hann muni taka að sér hlutverk illmennisins í myndinni. Þá herma síðustu fregnir úr Gotham að Zoë Kravitz muni leika Kattarkonuna í þessari tilraun til þess að blása lífi í Batman sem er heldur vankaður eftir að Ben Affleck tróð sér í búninginn hans en vægast sagt skiptar skoðanir voru um þá ákvörðun. Ekki er vitað hver aðalskúrkurinn í myndinni verður en að öllum líkindum verður það The Riddler eða Penguin.

Kvikmyndafyrirtækinu Warner Brothers hefur ekki gengið sérstaklega vel með kvikmyndirnar um Leðurblökumanninn upp á síðkastið eða síðan Christopher Nolan gerði hinn frábæra Dark Knight-þríleik en það verður áhugavert að sjá hvernig Pattinson tekst að bregða sér úr gervi einnar skuggaveru í aðra og hvort Batman muni lyfta honum enn frekar eða slá hann niður. **–ekb**

Tannlækningar í Ungverjalandi
Sparaðu allt að 50-70%!


Hafðu samband:
+ 36 70 942 9573
info@fedaszdental.hu
www.tannlaeknathjonusta.is

# Ert' ekki að djóka?

**Jókerinn hefur gert íbúum Gotham lífið leitt í tæp 80 ár. Hann varð að algerum brandara um skeið í myndasögum og hefur mátt þola meðferð ólíkra leikara. Því má lengi deila um hver sé besti og versti Jókerinn. Og þó, enginn er verri en Jared Leto.**

Batman kom fyrst fram 1939 í myndasögum eftir Bob Kane og Bill Finger. Þetta var á gullöld myndasagnanna og Blakan tók harkalega á alls kyns óþjóðalýð vopnaður skammbyssu og var dómari og böðull.

Þetta breyttist í lok sjötta áratugar síðustu aldar með tilkomu Myndasögueftirlitsins (The Comics Code Authority) sem taldi að sögur með morðingjum eins og Jókernum gætu hvatt til unglingaafbrota. Jókernum var í kjölfarið breytt í saklausan hrekkjalóm í samræmi við reglur eftirlitsins.

Árið 1973 hvarf Jókerinn aftur til upprunans og endurheimti sitt myrka og harðneskjulega eðli þegar mennirnir á bak við upprunalega Ra's al Ghul söguna, þeir Denny O'Neil og Neil Adams, gerðu sína fyrstu Jókersögu í Batman #251.



„Haaaa?! Er ég verstur?" Jared Leto er enn að súpa af djöflasýrunni í Suicide Squad og á sér vart viðreisnar von eftir atlögu sína að Jókernum árið 2016.

### Áhugaverð heimild á íslensku

Þessi saga kom nýlega út í íslenskri þýðingu í fyrsta sinn í 5. hefti Leðurblökunnar. Tímasetning útgáfunnar er óneitanlega býsna heppileg þar sem Jókerinn er þar sem hann vill helst vera, milli tannanna á fólki, þessi dægrin og tilvalið fyrir þá sem vilja kryfja margklofna persónu hans betur að kynna sér hvernig hann lét 1973 samanborið við stöðu hans í dag.

Sérstaklega er áhugavert að hvað sem öllum útgáfum og túlkunum á honum í kvikmyndum líður hefur eitt ekkert breyst; hann er enn talinn stórhættulegur ungu fólki og líklegur til þess að hvetja til ofbeldis þannig að áhyggjur Myndasögueftirlitsins bergmála í hrakspám um að Jokermyndin muni ýta einhverjum fram af brúninni og valda skotárásum á skóla eða kvikmyndahús.



„Má bjóða ykkur að dansa við djöfulinn í fölu tunglskininu?" Jack Nicholson mergsaug Jókerinn með klassískum ofleik sínum í Batman árið 1989.

### Jared Leto klikkar

Jókerinn er plássfrekur í eðli sínu þannig að hann er áberandi aukapersóna í Suicide Squad en leikarinn Jared Leto reið samt heldur mögru hrossi frá þeim hildarleik og hann situr uppi með þann svartapétur að þykja almennt lélegasti Jókerinn.

Nálgun Letos á sturlaða persónuna er í sjálfu sér alveg ágæt en hann líður fyrir að í einhverri örvæntingarfullri tilraun til frumleika lítur Jókerinn út eins og fáviti, útbíaður í ljótum húðflúrum með fáránlegar málmtennur. Sjálfsagt allt viðleitni til þess að fjarlægja persónuna stórkostlegri túlkun Heaths Ledger í The Dark Knight.

Þessi fíflagangur misheppnast algerlega og eins og það hafi ekki verið nógu erfitt fyrir Leto að þurfa að koma í kjölfar Ledger þá er Suicide Squad svo óbærilega léleg og leiðinleg mynd að leikarinn átti aldrei séns.




### Cesar Romero var Jóker síns tíma

Sjálfsagt eiga margir notalegar minningar um Cesar Romero í hlutverki Jókersins þar sem hann gerði Adam West, í Batman-náttfötunum, lífið leitt í gömlu sjónvarpsþáttunum og kvikmyndinni sem var lóðbeint framhald af sjónvarpsgríninu. Enda svo sem lítið út á fíflaganginn í Romero að setja í þá daga og Jókerinn hans virkaði stórvel á sínum tíma en stenst vitaskuld ekki samanburð við nútímalegri túlkanir persónunnar og allra síst 21. aldar útgáfurnar tvær sem bera höfuð og herðar yfir trúðahjörðina eins og hún leggur sig.

### Nicholson hlæjandi í bankann

Jack Nicholson er í fremstu röð ofleikara og sló hvergi af þegar hann fékk heilu fjallgarðana af seðlum fyrir að leika Jókerinn 1989 í Batman eftir Tim Burton. Jack er í raun talinn fyrsti bíómynda Jókerinn en klikkhausinn birtist þarna á skjánum í fyrsta sinn síðan Romero lék hann í sjónvarpsbíómyndinni.

Jókerinn hans Nicholsons byrjar sem hinn kaldlyndi og húmorlausi mafíósi Jack Napier sem lendir í áflogum við Michael Keaton í Batmanbúningnum og endar með að steypast ofan í efnaúrgang sem sviptir hann húðlitnum og vitinu.

Nicholson stal myndinni fyrirhafnarlítið og skyggði á Keaton, Kim Basinger og alla aðra sem að henni komu og hvað sem segja má um hann í hlutverkinu þá verður ekki af honum tekið að hann fór skellihlæjandi í bankann.

### Phoenix tókst hið ómögulega

Joaquin Phoenix nýtur þess umfram Jared Leto að myndin hans er góð og pæld. Vissulega umdeild og það er í þessu tilfelli hið besta mál og á meðan fólk rífst um boðskap Joker og hvað sé í raun verið að deila á eru fæstir að pæla í samanburði við Heath Ledger. Sem hentar í raun báðum leikurum þar sem mannjöfnuður þeirra er fáránlegur þar sem myndirnar eru gerólíkar og persóna Jókerins líka.

### Ledger er og verður bestur

Heath Ledger var í einu orði sagt stórkostlegur Jóker í The Dark Knight og þar sýndi leikarinn hvers hann var megnugur og varð enn frekar öllum harmdauði þegar hann kvaddi þennan heim skömmu síðar.

Krafturinn og ógnin í túlkun hans á þeirri óútskýranlegu illsku sem þarna birtist í trúðabúningnum var slík að í raun hefði mátt teljast svo gott sem útilokað fyrir aðra leikara að bregða sér í hlutverkið sem Ledger gerði algerlega að sínu.

Á Jaret Leto sannaðist að það er ekki nóg að fara í sýrðar áttir með búning og gervi Jókersins en Joaquin Phoenix fann réttu leiðina fram hjá Ledger þar sem ólík nálgun, allt annað umhverfi, enginn Batman og ný sköpunarsaga gera gæfumuninn. **toti@frettabladid.is**




# KÖKUBÆKLINGURINN ER KOMINN!

NÓI SÍRÍUS



Í dragi er allt uppgerð, allt ofskreytt, allt má og Valkyrjurnar eru mættar galvaskar og hlaðnar gervigimsteinum.

# Lifi smekkleysan!

LEIKHÚS

**Endurminningar valkyrju**

★★★½

**Leikhópurinn Endurnýttar væntingar**

**Tjarnarbíó**

**Flytjendur:** Agatha P., Faye Knús, Gógó Starr og Vera Schtilld
**Höfundar:** Ásgeir Helgi Magnússon, Cameron Corbett, Sigurður H. Starr Guðjónsson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir
**Listrænir stjórnendur:** Ásgeir Helgi Magnússon og Cameron Corbett
**Búninga- og sviðshöfundur:** Júlíanna Lára Steingrímsdóttir
**Ljósahönnuður:** Kjartan Darri Kristjánsson
**Tónlist:** Ýmsir höfundar auk frumsaminnar tónlistar eftir hópinn og Karl Olgeirsson
**Útsetning, upptaka og hljóðblöndun frumsaminnar tónlistar:** Helgi Reynir Jónsson

**Sýningin er á ensku**

Valkyrjurnar eru mættar galvaskar, gallaðar og hlaðnar gervigimsteinum, ríðandi á hvítum uppblásnum einhyrningum inn í Tjarnarbíó til að segja áhorfendum söguna af kvenhetjunni Brynhildi. Reyndar ekki bara einni Brynhildi heldur fjórum; Brynhildi úr norrænu goðafræðinni, Brynhildi úr Niflungahring Wagners, Brynhildi víkingadrottningu Íslands og Brynhildi af Ástrasíu. Þær eru mættar á svið til að taka stjórn á sínum eigin sögum og skemmta lýðnum í leiðinni.

Síðastliðin ár hefur loksins átt sér stað endurvakning dragformsins hér á landi og er vonandi komið til að vera. Sviðslistahópurinn Dragsúgur hefur hingað til notast við ákveðin þemu til að gefa tóninn fyrir sín revíukvöld en Endurminningar valkyrju er dragrevía með framvindu og atriðum sem tengjast saman, ef lauslega, í gegnum æviskeið og raunir Brynhildanna. Búninga- og leikmyndavinna Júlíönnu Láru Steingrímsdóttur er framúrskarandi. Gamaldags leiktjöld ramma inn hina yfirdrifnu múnderingu dragdrottninganna þar sem hárgreiðsla, förðun og búningahönnun lýsa upp sviðið.

**Konur öfganna**

Endurminningar valkyrju á ættir að rekja til hinsegin sviðslistamannsins Charles Ludlum, forsprakka Theatre of the Ridiculous í New York, sem endurskrifaði klassísk leikverk og setti sig reglulega í aðalkvenhlutverkin. Hugmyndafræði sem skiptir menningu upp í hámenningu og lágmenningu er nefnilega vitavonlaus. Lágkúrulegir aulabrandarar blandast hér saman við epískar sögur klassískra bókmennta í sjoppulegri umgjörð. Tónlistin er sömuleiðis dillandi samspil popplaga og hádramatískra óperulaga en frumsömdu lögin standa upp úr. Í dragi er allt uppgerð, allt ofskreytt og allt má. Dragdrottningar eru konur öfganna og ekkert er þeim heilagt.

Cameron Corbett og hliðarsjálf hans, Faye Knús, stela senunni með hortugheitum og himinháum pinnahælum. Sömuleiðis er Agatha P. (Ásgeir Helgi Magnússon) eftirminnileg, með hárbeittar hreyfingar og ofurglaðlega framkomu. Báðir halda karakter allan tímann, finna stöðugt ný blæbrigði til að skemmta áhorfendum og sviðshreyfingarnar eru frábærar. Hinar drollurnar, Gógó Starr (Sigurður Starr Guðjónsson) og Vera Schtilld (Sigríður Eyrún Friðriksdóttir), eiga sín augnablik, Gógó Starr með sinn grófa húmor og Vera Schtilld með flottri rödd. Allar hafa þær sinn djöful að draga og og skammast sín lítið fyrir það.

**Eitthvað alveg nýtt**

Cameron og Ásgeir Helgi eru líka listrænir stjórnendur sýningarinnar og heppnast það hlutverk

**ENDURNÝTTAR VÆNTINGAR ER EINN MEST SPENNANDI LEIKHÓPUR SEM KOMIÐ HEFUR FRAM Á SVIÐUM ÍSLANDS NÝLEGA.**

ekki jafn vel og persónusköpun þeirra. Rof er á milli ytri og innri tíma verksins sem verður til þess að eiginlega sýningin er of lengi í gang. Sumum atriðum var líka ofaukið. Einnig skorti aðeins meiri djörfung og áhættu í innihald textans en húmorinn og hugmyndaflug hópsins bæta upp fyrir ansi margt. Notast er við fjölmargar vísanir úr sýningarhefðum hinseginheimsins sem og orðfæri sem skyggja sýninguna fallega. Blævængjadansinn sýndi hversu ótrúlega vel hópurinn getur unnið saman þegar allt smellur saman, fegurðarsamkeppni fúskara var líka hápunktur sem og dauðasena allra Brynhildanna í lokin.

Endurminningar valkyrju er kannski dragsýning en hún er góð dragsýning og stundum stórkostleg dragsýning. Hér hafa áhorfendur tækifæri til að sjá eitthvað alveg nýtt á leiksviðum landsins og eru hvattir til að fjölmenna í Tjarnarbíó. Endurnýttar væntingar er einn mest spennandi leikhópur sem komið hefur fram á sviðum Íslands nýlega. Sýningin er langt frá því að vera fullkomin en er samt fullkomið dæmi hvernig glamúr, glimmer og gálgahúmor fela hinar ýmsu syndir, eða jafnvel flagga þeim.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Valkyrjurnar bera á borð breytta tíma og smekklaust stuð. Lengi megi þær ríkja!

## Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 17. OKTÓBER 2019

### Orðsins list

**Hvað?** Þjóðsögur
**Hvenær?** 10.30-18.00
**Hvar?** Norræna húsið
Í tilefni 200 ára afmælis Jóns Árnasonar þjóðsagnasafnara stendur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í samstarfi við HÍ. Hún fer fram á ensku.

**Hvað?** Þorskastríðunum er ekki lokið
**Hvenær?** 11.00-18.00
**Hvar?** Árnagarður HÍ, stofu 301
Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, er með fyrirlestur á ensku sem er öllum opinn.

**Hvað?** Tekjur á efri árum
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Kolbeinn Hólmar Stefánsson, sérfræðingur við Hagstofu Íslands, heldur fyrirlestur.

**Hvað?** Skoðanaskipti
**Hvenær?** 17.00-17.40
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti 3
Talað fyrir daufum eyrum – Á bara að hlusta á ungt fólk þegar það hentar? nefnist viðburður á vegum Ungra umhverfissinna.

### Myndlist

**Hvað?** Sýningaropnun
**Hvenær?** 13.00-19.00
**Hvar?** Íslensk grafík, Tryggvagata 17, hafnarmegin
Anna Pawłowska, grafíklistamaður frá Kraká í Póllandi, opnar fyrstu einkasýningu sína í Reykjavík.

**Hvað?** Afmælissýning
**Hvenær?** 17.00-19.00
**Hvar?** Kirsuberjatréð, Vesturgötu
Textílfélagið heldur upp á 45 ára afmæli með sýningu fjölbreyttra verka 45 félagsmanna.

**Hvað?** Leiðsögn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur Hafnarhúsi
Sýningarstjóri gengur með gestum um sýninguna EITTHVAÐ úr ENGU: Myndheimur Magnúsar Pálssonar.

### Tónlist

**Hvað?** Þríeykið stofutónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Valgeir Guðjóns og Vigdís Vala flytja meðal annars ný og sjóðheit lög úr eigin ofnum.

**Hvað?** Tónmál hjartans
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarborg, Hafnarfirði
Barbörukórinn flytur tónlist söngkonunnar Auðar Guðjohnsen. Aðgangseyrir er 3.500 krónur.

**Hvað?** Tónlist Spilverks þjóðanna
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Valdimar, Hildur Vala og Skafararnir (Jón Ólafsson, Sigurður Flosason, Stefán Már Magnússon, Matthías Stefánsson og Andri Ólafsson) flytja. Miðaverð 6.200-6.900 krónur.




Guðrún Sigríður Ágústsdóttir hefur tvisvar farið til Nepal og segir frá kynnum sínum af landi og þjóð í menningarhúsinu Gerðubergi.

**Hvað?** Hvað er líkt með Íslendingum og Kínverjum?
**Hvenær?** 17.30-18.15
**Hvar?** Veröld - hús Vigdísar, stofu VHV-007
Margrét Reynisdóttir markaðsfræðingur heldur erindi. Allir velkomnir, endurgjaldslaust.

**Hvað?** Nepölsk menning og tunga
**Hvenær?** 19.30-20.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Guðrún Sigríður Ágústsdóttir segir frá.

**Hvað?** Spjallfundur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grófin, Hafnarstræti 95, Akureyri
ADHD Norðurland stendur fyrir fundi um meiri lífsgæði fyrir fólk með ADHD.

**Hvað?** Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Iðnó við Tjörnina
Halldór Eldjárn leikur lög af plötu sinni, Poco Apollo.

### Aðrir viðburðir

**Hvað?** Íslensk skemmtistund
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Vesturgata 7, Reykjavík
Unnur Guðjónsdóttir skemmtir eldri borgurum með myndasýningu, söng og dansi, allt á íslenskan máta, í rúma klukkustund.

Öll „gamalmenni“ velkomin. Ókeypis aðgangur.

**Hvað?** Prjónakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28

HÚSASMIÐJAN
blómaval

# Húsasmiðjublaðið er komið út
Skoðaðu tilboðin á husa.is

Lady litur mánaðarins: 20142 DAYDREAM

# 25% afsláttur
af allri LADY innimálningu

Nýtt LADY litakort er komið í næstu verslun og á husa.is




**LADY er bæði Svansvottuð og með Evrópublómið**

Jotun framleiðir umhverfisvæna hágæðamálningu. LADY er bæði Svansvottuð og með Evrópublómið.

# Haustveisla

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**25%** Parket & flísar afsláttur
af öllu parketi og flísum

**Ný og glæsileg flísa- og parketdeild**
í Húsasmiðjunni í Skútuvogi

GROHE
**25%** Blöndunartæki afsláttur
af öllum GROHE blöndunartækjum

BEKA
**25%** Pottar & pönnur afsláttur
af öllum BEKA pottum og pönnum

HiKOKI
Allt að **30%** Verkfæri afsláttur
af völdum Hikoki verkfærum

LAUFEN
**25%** Baðtæki afsláttur
af öllum LAUFEN salernum og handlaugum

Bleikur október
**10%** af ágóða Berlinger Haus, I-ROSE línunnar, rennur til Krabbameinsfélagsins í október

JUMBO
**25%** Áltröppur afsláttur
af 3-8 þrepa Jumbo áltröppum

**25%** afsláttur
af haustlaukum



**Eitt mesta úrval landsins af haustlaukum**
Nú er rétti tíminn til að setja niður haustlauka. Haustlaukar, loforð um litríkt vor.

# 20-50% afsláttur
af öllum pottaplöntum



DAGSKRÁIN á Hringbraut

h





Pétur Jóhann — grínisti í MANNAMÁLI á Hringbraut í kvöld

**Fyndnasti maður þjóðarinnar** Pétur Jóhann Sigfússon í þættinum **Mannamáli í kvöld kl. 20** í umsjón **Sigmundar Ernis.**

h

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is





Fylgstu með!

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2017-2018 Fjarðabyggð - Fljótsdalshérað**
**14.10 Rabbabari** Þormóður og Starri eru pródúserar sem hafa meðal annars sett saman og útsett helstu smelli JóaPé og Króla. Þessir miklu listamenn hafa náð ótrúlega þróuðu „soundi“ og eru þrátt fyrir fjarveru frá sviðsljósinu meðal mikilvægasta fólksins í íslensku tónlistarlífi í dag. Í þættinum sýna þeir okkur meðal annars hvernig lagið Þráhyggja með JóaPé og Króla varð til.
**14.20 Landinn 2010-2011**
**14.50 Popppunktur 2012 Hjólreiðamenn - bílafólk**
**15.55 Milli himins og jarðar**
**16.50 Krónikan**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Óargardýr**
**18.29 Anna og vélmennin**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Heilabrot** Átraskanir eru mikið samfélagsmein og jafnframt geðröskun sem oft er erfitt að bera kennsl á. Samfélagsmiðlar, staðalímyndir og útlitsdýrkun ýta undir brenglaða sjálfsmynd ungs fólks og átraskanir virðast verða æ algengari í hinum vestræna heimi. Stelpurnar kanna málið í þessum þætti, þar sem Sigurlaug Sara heimsækir sálfræðing, þær hitta aðgerðateymi Hvíta bandsins og halda matarboð með ungu fólki sem hefur glímt við átröskun.
**20.35 Uppáhaldsréttir Nadiyu**
**21.10 Scott og Bailey**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Kynlífsfræðingarnir** Fjórða þáttaröðin um William Masters og Virginiu Johnson sem voru frumkvöðlar á sviði kynlífsrannsókna. Aðalhlutverk leika Michael Sheen, Lizzy Caplan og Caitlin FitzGerald. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Pabbahelgar** Karen og Matti leita til hjónabandsráðgjafa í von um einhvers konar málamiðlun og sátt. Niðurstaðan er ekki sú sem Karen óskaði sér.
**00.05 Atlanta**
**00.30 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**06.50 Italian Open** Útsending frá Italian Open á Evrópumótaröðinni.
**11.50 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**12.40 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**13.35 CJ Cup @ Nine Bridges** Útsending frá CJ Cup @ Nine Bridges á PGA-mótaröðinni.
**17.35 Inside the PGA Tour** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**18.00 CJ Cup @ Nine Bridges**
**22.00 The CJ Cup @ Nine Bridges**
**02.00 CJ Cup @ Nine Bridges** Bein útsending frá CJ Cup @ Nine Bridges á PGA-mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.42 The Late Late Show**
**09.22 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.21 The King of Queens**
**12.43 How I Met Your Mother**
**13.04 Dr. Phil**
**14.05 The Voice US**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.22 Everybody Loves Raymond**
**16.44 The King of Queens**
**17.06 How I Met Your Mother**
**17.28 Dr. Phil**
**18.14 The Late Late Show**
**19.01 America's Funniest Home Videos**
**19.28 Making History**
**20.20 Ást**
**20.46 The Loudest Voice**
**21.41 The Passage**
**22.32 In the Dark (2019)**
**23.19 The Code (2019)**
**00.09 The Late Late Show**
**00.56 NCIS**
**01.38 Billions** Mögnuð þáttaröð um milljónamæringinn Bobby „Axe“ Axelrod sem hefur byggt upp stórveldi í kringum vogunarsjóð og er grunaður um ólöglega starfshætti.
**03.31 Black Monday**
**04.00 SMILF**
**05.30 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp UngRÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Tónlistarkvöld Útvarpsins**
**21.00 Mannlegi þátturinn**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.25 Batman and Harley Quinn**
**13.40 Accepted**
**15.15 Leatherheads**
**17.10 Batman and Harley Quinn**
**18.30 Accepted**
**20.05 Leatherheads**
**22.00 Game Night**
**23.40 Power Rangers**
**01.40 Totem**
**03.10 Game Night**

## STÖÐ 2

**07.00 Two and a Half Men**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Great News**
**10.00 Grand Designs**
**10.50 Puppy School**
**11.40 Besti vinur mannsins**
**12.05 Heimsókn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mr. Deeds**
**14.35 A.X.L**
**16.15 Friends**
**16.35 Stelpurnar**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20 Veður**
**19.25 Næturvaktin** Það er 1. maí og Georg er víðsfjarri að sinna verkalýðsmálum. Á meðan fær Ólafur Ragnar að vera vaktstjóri, sem endar illa þegar hann fær heimsókn frá Afríku. Að auki kemur pabbi Daníels í heimsókn og uppgjör er í vændum.
**19.55 Fresh Off the Boat**
**20.20 Masterchef USA**
**21.05 Góðir landsmenn** Ný og stórskemmtileg þáttaröð með Steinda Jr. sem vendir kvæði sínu í kross og ákveður að gera heimildarþætti um venjulega Íslendinga.
**21.35 Mr. Mercedes**
**22.25 Warrior**
**23.15 Real Time with Bill Maher**
**00.15 Deep Water**
**01.05 Beforeigners**
**01.50 Manifest**
**02.35 Manifest**
**03.20 Mr. Deeds**

## STÖÐ 3

**19.15 Two and a Half Men**
**19.40 The Big Bang Theory**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 Seinfeld**
**21.15 Supergirl**
**22.00 Underground**
**22.55 Barry**
**23.25 Famous In love**
**00.10 American Dad**
**00.35 Two and a Half Men**
**01.00 The Big Bang Theory**
**01.20 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.55 Búlgaría - England**
**09.35 Frakkland - Tyrkland**
**11.15 Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur**
**12.05 Kansas City Chiefs - Houston Texans** Útsending frá leik í NFL.
**14.25 KR - Valur** Útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.
**16.05 Fram - ÍR** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**17.35 Seinni bylgjan** Markaþáttur Olís-deildarinnar í umsjón Henrys Birgis Gunnarssonar.
**19.05 Tindastóll - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**21.45 LA Rams - San Francisco 49ers** Útsending frá leik í NFL.
**00.05 Tindastóll - Stjarnan** Útsending frá leik í Domino's-deild karla.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

-25%




**365** kr.

**GULDKORN**

320g

VENJULEGT VERÐ 489 kr.

Gildir til 22. okt




-15% RANA FERSKT PASTA

## REMA 1000 BLEYJUR Á 25% AFSLÆTTI

Birt með fyrirvara um villur. Tilboð gilda til 22.okt. 2019 eða á meðan birgðir endast nema annað sé tekið fram.




3 FYRIR 2

**659** kr

**NEUTRAL FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI**

700ml

KAUPTU 2 TEGUNDIR OG FÁÐU 3 Í KAUPBÆTI




-20%

**559** kr

**REMA1000 KAKÓ MALT**

800g

VENJULEGT VERÐ 699 kr.



SUPER 1

HALLVEIGARSTÍG 1



SUPER 1

SMIÐJUVEGI 2



OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ





Nú er vinsælt að blanda saman ólíkum mynstrum, það kemur vel út í þykkum hlýjum lagaskiptum klæðnaði.



Snákaskinnsmynstruð stígvél frá Zara.



Þóra Valdimars er annar listrænn stjórnandi Rotate Birger Christensen, merkis sem hreinlega hefur slegið í gegn hjá tískudrósum landsins. Hér sést hún í fallegum stígvélum með snákaskinnsmynstri, en það hefur verið mjög vinsælt upp á síðkastið. NORDICPHOTOS/GETTY



Svört stígvél eru alltaf klassísk, hvort sem þau eru upphá eða í annarri hentugri lengd, við pils eða buxur.

# Stígvélin dregin fram

Falleg stígvél eru akkúrat það sem þarf til að taka útlitið á næsta stig. Litrík, munstruð, há eða lág. Það er kominn tími til að draga þau fram úr skápnum.

Nú þegar farið er að hausta og veturinn tekur við draga margir fram hlýrri skófatnað. Converse-strigaskórnir, opnu hælarnir og ballerínuskórnir eru lagðir til hliðar í bili. Það þarf þó alls ekki að þýða að það eina sem er í boði séu bomsur og ullarsokkar eða hreinlega gönguskór með mannbroddum. Síðastliðin ár hefur lítið snjóað fyrir jól hérlendis, og þá er um að gera að klæðast fallegum stígvélum, sem voru kannski of hlý fyrir sumarhitann. Það er um að gera að vera óhræddur við að prófa nýja hluti og öðruvísi stígvél, þó að þau séu praktísk þurfa þau ekki að vera leiðinleg. Það er flott að leyfa þeim að njóta sín og jafnvel „poppa“ upp klæðnaðinn.

steingerdur@frettabladid.is



Há stígvél við pils voru áberandi á sýningu franska fatahönnuðarins Altuzarra.





Hvít upphá stígvél frá Zara.



Hvít upphá stígvél voru áberandi á tískupöllunum. Það er þó óvíst að þetta trend nái til landsins, enda kannski ekki vinsælasti hausttliturinn og ópraktískt að vera berleggjaður í íslenskum vetrarkulda.

# Ekki lesa

## Skannaðu, rammaðu og horfðu!

Opnaðu myndavélina á símanum þínum og beindu henni að QR-kóðanum. Upp kemur hlekkur sem þú þarft að smella á. Rammaðu inn auglýsinguna með símanum, kveiktu á hljóðinu og ýttu á „play"-takkann sem birtist. Þá mun prentauglýsingin lifna við.

Tryggðu að þú sért með Facebook-appið










Jóhanna Ása, rekstrarstjóri Kattholts, segir fleiri viðburði í farvatninu hjá Kattholti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Kostir kisujóga miklir

Í byrjun mánaðar var haldinn í Kattholti fyrsti kisujógatíminn hér á landi og féll hann svo vel í kramið að leikurinn verður endurtekinn næsta laugardag og er þegar að verða uppselt.

Jóhanna Ása Evensen, rekstrarstjóri Kattholts, segir hugmyndina hafa komið frá víðförlum og reynslumiklum starfsmanni Kattholts, Önnu Katrínu. „Hún hefur m.a. unnið í kisuathvarfi í Amsterdam og datt í hug að byrja með kisujóga þegar hún og jógakennarinn sem stendur að tímanum, Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir, voru í rauðvínsjóga á dögunum. Í Amsterdam kynntist hún einmitt kisujóga og kisubíói og er stefnan tekin á fleiri kisuviðburði á næstunni. Við stefnum á að halda kisubíó í nóvember eða desember að ógleymdum jólabasar Kattholts sem verður í húsakynnum Kattholts, Stangarhyl 2, laugardaginn 30. nóvember. Svo verður stefnan tekin á fleiri kisujógatíma eftir áramót.“

### Kisur labba á milli jógagesta og fá klapp og knús

„Kisujógað fer þannig fram að þátttakendur gera jógaæfingar eftir handleiðslu kennarans og á meðan eru kisurnar frjálsar á gólfinu og labba á milli jógagesta og biðja um klapp og knús. Kostirnir eru miklir, þar sem rannsóknir hafa margoft sýnt fram á að umgengni við dýr eykur tilfinningalega og líkamlega vellíðan.“ Aðspurð segir Hanna þátttakendur hafa verið í skýjunum og viljað vita hvenær næsti jógatími yrði. „Kisurnar voru þreyttar en glaðar eftir að hafa borðað nammi úr höndum jógagesta nær allan tímann.“



Hanna og Anna, starfskonur Kattholts, með kisur sem taka þátt í jóganu.

**KOSTIRNIR ERU MIKLIR, ÞAR SEM RANNSÓKNIR HAFA MARGOFT SÝNT FRAM Á AÐ UMGENGNI VIÐ DÝR EYKUR TILFINNINGALEGA OG LÍKAMLEGA VELLÍÐAN.**

### Allur ágóði fer í starf Kattholts

Jógakennarinn Jóna Dögg Sveinbjörnsdóttir er með margþætt jógakennararéttindi og gefur Kattholti vinnu sína svo allur ágóðinn fer til styrktar starfsins þar en hver og einn þátttakandi greiðir 3.500 krónur fyrir tímann. Aðspurð hvað sé að frétta úr holti kattanna svarar Hanna: „Það er allt gott að frétta héðan úr Kattholti. Vel gengur að finna ný heimili fyrir kisur í heimilisleit og þeim kisum sem gista nú á Hótel Kattholti líður með eindæmum vel!

### Færri komust að en vildu

Næsta kisujóga verður kl. 13 og svo kl. 14.30 nk. laugardag, 19. október. Nokkur pláss eru enn laus. Síðast komust færri að en vildu. Hægt er að bóka pláss með því að senda tölvupóst á kattholt@kattholt.is eða hringja í síma 567-2909 milli 9 og 16.

**bjork@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*



Pizza Hut
ÚT Í HUT
TILBOÐ
ÞÚ SÆKIR STÓRA PIZZU MEÐ TVEIMUR ÁLEGGSTEGUNDUM AF MATSEÐLI
1.990
Þegar öllu er á botninn hvolft þarf hann að vera frábær. Veldu:
PÖNNU → KLASSÍSKAN → ÍTALSKAN
Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is
Pizza Hut Smáralind
Pizza Hut Staðarbergi 2–4
Hafnarfirði




10 ÁRA
**Afmælis**
# 45%
**SPRENGJA**
**GILDIR TIL SUNNUDAGS 20. OKT.**



## OSWALD
3ja sæta sófi

Slitsterkt, dökkgrátt Malmö áklæði og ljósir viðarfætur

**Fullt verð: 89.900 kr.**

Aðeins **49.445 kr.**

## OSWALD
stóll

Dökkgrátt Malmö áklæði og ljósir viðarfætur

**Fullt verð: 59.900 kr.**




Aðeins **32.945 kr.**




Svefnsvæði
140 x 200 cm

## MORFEO
svefnsófi

Sérlega vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt til að opna fjaðrandi stálgrind. Fæst grár, dökkgrár og hvítur. Stærð: 207 x 93 x 103 cm.

**Fullt verð: 269.900 kr.**

Aðeins **215.920 kr.**




## MISTRAL HOME
Rúmfötin frá Mistral home eru úr bómullarsatíni og með rennilás. Rúmfötin eru ofin úr 300 gsm bómullarþræði sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt.



SIMBA®

## SIMBA HYBRID/OUTLAST AFMÆLISTILBOÐ

**Með því að kaupa Simba Hybrid/Outlast sæng ásamt Simba Hybrid/Outlast kodda færðu annan eins kodda með.**

**Fullt verð: Sæng 29.900 kr., 1 koddi 29.900, 2. koddi 29.900 kr**

**Samtals fullt verð: 61.700**

Aðeins **45.800 kr.**

**OUTLAST**
Háþróað efni sem heldur jöfnum hita. Jacquard bómull í Hybrid koddanum.

**FÍNN DÚNN**
Lag af sérstaklega fíngerðum og mjúkum andadúni sem gefur koddanum náttúrulega öndun.

**HITASTÝRING**
3D hitastýringarefni sem tryggir hámarks öndun og loftflæði gegnum koddann.

**NANOTUBE TÆKNI**
Í miðjum koddanum er lag af smágerðum svamprörum. Þú getur stillt hæð og stífleika koddans með því að bæta í eða taka úr þessu lagi.

**MICROFIBRE**
Næst er lag af Microtrefjum sem gera þessa hlið koddans bæði mjúka, endingargóða og hentuga fyrir þá sem eiga við ofnæmi að stíða.

**JACQUARD BÓMULL**
Silkimjúk hágæða bómull með frábærri öndun 300 gsm.



**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11–18.30
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*
*Tilboðin gilda til 10. nóvember 2019, nema annað sé tekið fram eða á meðan birgðir endast.*

10 ÁRA

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Við eigum afmæli og nú er veisla



www.dorma.is

VEFVERSLUN

ALLTAF OPIN

BYLGJAN 989

Afmælisleikur

DORMA & BYLGJUNNAR

í afmælismánuði Dorma

Fylgstu með

á fm 98,9



10 ÁRA

Afmælis

30%

AFSLÁTTUR

af Rest dýnu og 20% afsláttur af botni

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Nature's Bedding

## NATURE'S REST

heilsurúm m/Classic botni

| Stærð í cm | Fullt verð | Afmælistilboð |
|---|---|---|
| 80x200 | 55.900 kr. | 41.930 kr. |
| 90x200 | 59.900 kr. | 44.930 kr. |
| 120x200 | 69.900 kr. | 52.530 kr. |
| 140x200 | 79.900 kr. | 59.930 kr. |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m2
- Góðar kantstyrkingar

DORMA

Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kolbeins Marteinssonar




## Vel gert

Einn stærsti kostur okkar Íslendinga er hvað við hrósum hvert öðru lítið. Þar sem hrós er svo fágætt hér á landi er verðmæti þess mikið. Íslenskt hrós er miklu meira virði en t.d. amerískt sem gefið er við nánast öll samskipti, „oh, that's awesome“ o.s.frv.

Það er líka mikill galli á okkur hvað við hrósum hvert öðru lítið. Því réttmætt hrós við réttar aðstæður getur dimmu í dagsljós breytt og gefið gleði og von.

En það skiptir líka máli hver hrósar okkur. Komi það frá foreldrum má strax gengisfella það um að minnsta kosti helming. Eitt sinn heyrði ég sagt að oflof foreldra skapi vesalinga sem geti ekki tekið gagnrýni enda sannfærð um að allar gjörðir þeirra séu ekkert annað en stórkostlegar. Hrós frá manneskju sem við berum virðingu fyrir vegur oftast þyngst og slíkt hrós getur fylgt manni ævina á enda.

Við eigum því að fara sparlega með hrós, ekki veita það í innantómu orðagjálfri fyrir sjálfsagða hluti og aðeins þegar ástæða er til. Þó barn teikni mynd á blað þá þýðir það ekki að það eigi heimtingu á að vera sagt listamaður. Góðu tíðindin eru þau að það er fullt af hlutum í lífi okkar sem eiga það sannarlega skilið að vera hrósað.

Ef við sjáum eitthvað gert á þann hátt að það veitir okkur innblástur eða fyllir okkur gleði eigum við að skjóta skilaboðum á viðkomandi og láta hann vita af því. Sama á við ef við fáum framúrskarandi þjónustu eða sjáum vinnufélaga okkar vinna vel unnin verk. Slík hrós vega alltaf miklu meira og lifa lengur en laun viðkomandi. Því skaltu í dag stefna að því að hrósa einhverjum sem á það skilið. Endurtaktu svo leikinn aftur á morgun og þú hefur gert þennan heim aðeins betri en hann var.





MARKAÐURINN
Við þekkjum viðskiptalífið
Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

